

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/60/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 14/07/COL frá 7. febrúar 2007 um sextugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; í stað eldri ákvæða í 14. kafla kemur nýr 14. kafli – Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar . . . . .	1
2009/EES/60/02		Sextugasta og önnur breyting á Leiðbeiningum um ríkisaðstoð – Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum . . . . .	35
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/60/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5629 – Normeston/MOL/MET JV) . . . . .	36
2009/EES/60/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5660 – RBS/Deutsche Bank/Spin HoldCo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	37
2009/EES/60/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5686 – Vitol Holding/Petroplus Refining Antwerp/Petroplus Refining Antwerp Bitumen) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	38
2009/EES/60/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5693 – Hal Holding/Safilo Group) . . . . .	39

<b>2009/EES/60/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5704 – JBS/Bertin) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	40
<b>2009/EES/60/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5708 – KKR/General Atlantic/TASC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	41
<b>2009/EES/60/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5713 – Altor/Pharmacy Company Sweden 1 AB and Pharmacy Company Sweden 8 AB) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	42
<b>2009/EES/60/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5365 – IPO/EnBW/Praha/PT) . . . . .	43
<b>2009/EES/60/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5519 – E.ON/Electrabel Acquired Assets) . . . . .	43
<b>2009/EES/60/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5555 – Novartis/Ebewe) . . . . .	44
<b>2009/EES/60/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5573 – Remeha Group/Baxi Holdings) . . . . .	44
<b>2009/EES/60/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5589 – Sony/Seiko Epson) . . . . .	45
<b>2009/EES/60/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5605 – Crédit Mutuel/Monabanq) . . . . .	45
<b>2009/EES/60/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5622 – Infineon/LSIS/LS Power Semitech JV) . . . . .	46
<b>2009/EES/60/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5632 – PepsiCo/Pepsi Americas) . . . . .	46
<b>2009/EES/60/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5633 – PepsiCo/The PepsiCo Bottling Group) . . . . .	47
<b>2009/EES/60/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5649 – RREEF Fund/Endesa/UFG/SAGGAS) . . . . .	47
<b>2009/EES/60/20</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Frakkland) . . . . .	48
<b>2009/EES/60/21</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Frakkland) . . . . .	48

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/60/01

14/07/COL

frá 7. febrúar 2007

**um sextugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; í stað eldri ákvæða í 14. kafla kemur nýr 14. kafli – Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

með vísan til ákvæða 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Mínt er á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 <sup>(4)</sup>.

Hinn 22. nóvember 2006 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) Rammaákvæði Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar <sup>(5)</sup>.

Þær leiðbeiningar varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórnina.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslenska textanum.]

<sup>(2)</sup> Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og sendi frá sér 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. ESB L 231 og EES-viðbæti nr. 32 hinn 3. september 1994. Leiðbeiningunum var breytt síðast 13. desember 2006. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB C 323, 30.12.2006, bls. 1.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfum um þetta efni sem send voru stjórnvöldum á Íslandi, í Noregi og í Liechtenstein og dagsett 10. janúar 2007.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði Leiðbeininga um ríkisaðstoð breytast þannig að í stað eldri ákvæða 14. kafla kemur nýr 14. kafli með heitinu Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Nýi kafli er birtur sem fylgiskjal með þessari ákvörðun.

2. gr.

Eldri ákvæði 14. kafla, Aðstoð vegna rannsókna og þróunar, falli brott.

3. gr.

EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari ásamt hinum nýju ákvæðum 14. kafla.

4. gr.

Í samræmi við staflið d) í bókun 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari ásamt hinum nýju ákvæðum 14. kafla.

5. gr.

Ákvörðunin skal birt, ásamt hinum nýju ákvæðum 14. kafla sem henni fylgja, í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

6. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2007.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Björn T. Grydeland**

Forseti

**Kurt Jaeger**

Stjórnarmaður

## 14. KAFLI

## RÍKISAÐSTOÐ TIL RANNSÓKNA, ÞRÓUNARSTARFS OG NÝSKÖPUNAR

## 1 Inngangur

## 1.1 Markmið ríkisaðstoðar til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar

Efling rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar er mikilvægt markmið á sviði almannahagsmuna á Evrópska efnahagssvæðinu <sup>(1)</sup>. Í 163. gr. EB-sáttmálans er eftirfarandi ákvæði: „*Bandalagið skal hafa það að markmiði að styrkja vísindalegan og tæknilegan grundvöll iðnaðar í bandalaginu og hvetja fyrirtæki í greininni til að auka samkeppnishæfni sína á alþjóðavettvangi, jafnframt því að efla hvers kyns rannsóknastarfsemi sem telst nauðsynleg...*“ <sup>(\*)</sup>. Í 164.–173. gr. EB-sáttmálans eru ákvæði um starfsemi sem fara skal fram á þessu sviði og um gildissvið og framkvæmd fjölára rammaáætlunarinnar.

Í 78. gr. EES-samningsins er kveðið á um að samningsaðilar skuli efla og auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar. Í 80. gr. EES-samningsins er enn fremur tekið fram að samvinna samkvæmt 78. gr. EES-samningsins skuli að öðru jöfnu fara fram með þátttöku EFTA-rikkanna í rammaáætlunum EB, einstökum áætlunum, verkefnum eða öðrum aðgerðum. Loks er í bókun 31 við EES-samninginn, sem fjallar um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, kveðið á um þátttöku og samvinnu af hálfu EFTA-rikkanna á sviði rannsókna og tækniþróunar.

Á fundi leiðtoga ráðsins í Barcelona í mars árið 2002 voru sett skýr markmið að því er varðaði fjárveitingar til rannsókna í framtíðinni. Samþykkt var að stefnt skyldi að hærri heildarframlögum til rannsókn- og þróunarstarfs og nýsköpunar í Evrópubandalaginu þannig að þau næmu sem næst 3% vegrar landsframléiðslu árið 2010. Jafnframt var tekið fram að tveir þriðjungar þessarar aukningar ættu að koma úr einkageiranum. Til þess að þetta markmið næðist þyrftu fjárveitingar í rannsóknum að aukast um 8% ár hvert, þ.e. um 6% þegar um ræðir opinberar fjárveitingar <sup>(2)</sup> og um 9% þegar um ræðir einkafjórveitingar <sup>(3)</sup>.

Markmiðið er að beita ríkisaðstoð til þess að auka hagkvæmni í atvinnulífinu <sup>(4)</sup> og stuðla þannig að varanlegum hagvexti og atvinnu. Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar telst því samrýmanleg gildandi reglum ef þess er að vænta að hún geti aukið starfsemi á þessu sviði og ekki er lítið þannig á að röskun, sem verður á samkeppni, vinni gegn almannahagsmunum, en slíka hagsmuni leggur Eftirlitsstofnun EFTA að jöfnu við hagkvæmni með tilliti til ákvæðanna í þessum kafla. Markmiðið með þessum kafla er að stuðla að þessu markmiði og þó einkum að gera EFTA-rikkjunum hægara um vik að nýta aðstoðina til að ráða bót á viðkomandi markaðsbrestum <sup>(5)</sup>.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er sett sú meginregla að óheimilt sé að veita ríkisaðstoð. Í sumum tilvikum getur aðstoð af því tagi þó talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli ákvæða 2. og 3. mgr. 61. gr. Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar má réttlæta fyrst og fremst með vísan til ákvæði staflíðar b) og c) í 3. mgr. 61. gr. Í þessum kafla lýsir Eftirlitsstofnun EFTA reglum sem hún mun beita við mat á aðstoð sem tilkynningar berast um, og nýtir þannig valdheimildir sínar og eykur bæði réttaröryggi og gagnsæi í ákvörðunum stofnunarinnar.

<sup>(1)</sup> „EES“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(2)</sup> *Óstaðfest þýðing; textinn er ekki til í opinberri íslensku þýðingu (aths. þýðanda).*

<sup>(3)</sup> Hafa ber í huga að aðeins hluti opinberra útgjalda vegna rannsókna og þróunarstarfs telst til ríkisaðstoðar.

<sup>(4)</sup> Sbr. „Investing in research: an action plan for Europe“. Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, COM(2003)226 lokaútgáfa, bls. 7.

<sup>(5)</sup> Í hagfræði vísar hugtakið „hagkvæmni“ (eða „efnahagsleg hagkvæmni“) til þess hversu vel er stuðlað að heildarverferð á tilteknum markaði eða í efnahagslífinu í heild. Aukin starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar eykur hagkvæmni með því að beina eftirspurn á markaðnum að nýjum eða endurbættum vörum, verkferlum eða þjónustu, en það jafngildir lækkan á gæðajöfnuðu verði á þessum vörum.

<sup>(6)</sup> Um „markaðsbrest“ er að ræða þegar markaðurinn leiðir ekki til hagkvæmstu niðurstöðu sé hann látinn óárettur. Það er við slíkar aðstæður sem hugsanlegt er að ríkisafskipti, og þá meðal annars ríkisaðstoð, geti leitt til betri niðurstöðu á markaði þegar lítið er til verðs, framléiðslu og nýtingar framleiðsluþátta.

## 1.2 *Stefnumörkun á sviði ríkisaðstoðar með tilliti til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar*

Í tengslum við Lissabonáætlunina hefur það sjónarmið ríkt að framlög til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar séu ófullnægjandi fyrir atvinnulíf í Evrópubandalaginu, þ.e. að aukin starfsemi á þessu sviði myndi auka hagvöxt í bandalaginu. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að í samræmi við þróun mála í Evrópubandalaginu sé nauðsynlegt að gera gildandi reglur um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunarstarfs nútímalegri og skilvirkari til þess að vinna að þessu úrlausnarefni.

Í þessum kafla rýmkar Eftirlitsstofnun EFTA í fyrsta lagi gildissvið eldri heimilda til að veita aðstoð til rannsókna og þróunarstarfs þannig að þær taki til nýrrar starfsemi til stuðnings nýsköpun. Nýsköpun tengist ferli sem byggist á því að mynda tengingu milli þekkingar og tæknikunnáttu og markaðsfæra sem nýjar eða endurbættar vörur, þjónusta og viðskiptaaðferðir hafa umfram það sem fánlegt hefur verið áður á bandalagsmarkaði, og felur í sér tiltekna áhættu. Að því er ríkisaðstoðarreglurnar varðar lítur Eftirlitsstofnun EFTA þó svo á að ekki sé rétt að heimila ríkisaðstoð til nýsköpunar á grundvelli óhlutstæðrar skilgreiningar á nýsköpun, heldur aðeins að því marki sem hún tengist nákvæmlega tilgreindri starfsemi sem beinist með skýrum hætti að markaðsbrestum sem hamla nýsköpun og er þess eðlis að kostir ríkisaðstoðar veга að öllum líkindum þyngra en hugsanleg skaðleg áhrif á samkeppni og viðskipti.

Í öðru lagi er það markmið Eftirlitsstofnunar EFTA að stuðla að betri umsýslu ríkisaðstoðar til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Fyrirhugað er að rýmka gildissvið hópundanþágu vegna rannsókna og þróunarstarfs, en hún takmarkast nú við aðstoð sem er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum<sup>(6)</sup>. Þegar fram í sækir verður sett almenn hópundanþágureglugerð sem tekur til aðstoðar á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar sem er minnstum vandkvæðum bundin. Ákvæði þessa kafla munu gilda áfram um allar ráðstafanir sem tilkynntar eru Eftirlitsstofnun EFTA, hvort sem það gerist vegna þess að ráðstöfunin fellur ekki undir hópundanþágureglugerð sem felld hefur verið inn í EES-samninginn, að skylt er samkvæmt hópundanþágureglugerðinni að tilkynna hverja aðstoð sérstaklega eða að EFTA-ríkið ákveður að tilkynna ráðstöfun sem hefði í grundvallaratriðum getað notið undanþágu samkvæmt hópundanþágureglugerðinni, og jafnframt um mat á allri aðstoð sem ekki er tilkynnt.

Til þess að gera athuganir Eftirlitsstofnunar EFTA markvissari er í þriðja lagi að finna í þessum kafla ákvæði sem snúa að mati á ráðstöfunum sem falla undir gildissvið kaflans, ekki aðeins að því er varðar það hvort tilteknar aðstoðarráðstafanir séu samrýmanlegar gildandi reglum (5. undirkafla), heldur einnig ýmis önnur atriði sem snúa að greiningu á því hvort aðstoð hefur hvatningaráhrif og hvort hún er nauðsynleg, með hliðsjón af aukinni hættu á að tilteknar aðstoðarráðstafanir raski samkeppni og viðskiptum (6. undirkafla) og frekari aðferðir til notkunar við ítarlegt mat (7. undirkafla).

Í þessu tilliti leggur Eftirlitsstofnun EFTA áherslu á að samkeppnismarkaðir eiga í grundvallaratriðum að geta leitt til mestrar skilvirkni þegar litið er til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Þó kann að vera að þetta sé ekki alltaf raunin á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar og að afskipti hins opinbera geti þá skilað betri niðurstöðu. Fyrirtæki leggja ekki auknið fé til rannsókna nema þau geti haft raunverulegan viðskiptalegan hag af niðurstöðunum og hafi vitneskju um möguleikana á slíku. Ástæður fyrir litlum framlögum til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar eru margar og stafa að hluta til af kerfislægum hindrunum og að hluta af markaðsbrestum. Æskilegt er að fást við kerfislægar hindranir með kerfislægum ráðstöfunum<sup>(7)</sup>, en ríkisaðstoð getur komið að gagni sem mótvægi við óhagkvæmni sem stafar af markaðsbrestum. Þá sýnir reynslan að til þess að ríkisaðstoð skili árangri verður að fylgja henni eftir með að búa fyrirtækjum hagstæð starfsskilyrði, til að mynda viðunandi kerfi til verðunar hugverkaréttindum, samkeppnishæft rekstrarumhverfi með regluverki, sem er hagfellt rannsóknnum og nýsköpun, og fjármálamarkaði sem styðja fyrirtækin.

Á hinn bóginn verkar ríkisaðstoð einnig samkeppnisraskandi, og öflug samkeppni er ómissandi þáttur markaðsmiðaðra ráðstafana til að örva fjárfestingar í rannsóknnum, þróunarstarfi og

<sup>(6)</sup> Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð. Minni og markvissari ríkisaðstoð: Leiðarvisir vegna umbóta á sviði ríkisaðstoðar 2005–2009. COM(2005) 107 lokaútgáfa – SEC (2005) 795; samþykktur 7. júní 2005.

<sup>(7)</sup> Undir það falla háskólamenntun, rannsóknáætlanir og rannsóknáætlaða á vegum hins opinbera, reglur um verndun hugverkaréttinda sem ýta undir nýsköpun og starfsskilyrði sem hvetja fyrirtæki til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.

nýsköpun. Þess vegna verður að gæta þess vandlega að ráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar sé hagað þannig að samkeppnisröskun verði sem minnst. Að öðrum kosti geta afleiðingar ríkisaðstoðar orðið öfugar við það sem ætlast er til þannig að dragi bæði úr heildarframlögum til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar og hagvexti.

Helsta áhyggjuefni í tengslum við aðstoð, sem fyrirtæki fá til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, er að hún raski og dragi jafnvel úr þeim breytilegu hvötum til fjárfestinga sem keppinautar fyrirtækjanna búa við. Þegar fyrirtæki fær aðstoð styrkir það yfirleitt stöðu þess á markaði og dregur úr arðsemi fjárfestinga hjá öðrum fyrirtækjum. Þegar sá samdráttur er nægilega mikill getur hugsast að keppinautarnir dragi úr starfsemi sinni á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Við þetta bætist að þegar aðstoðin verður til þess að „mýkja“ útgjaldaskorður fyrirtækisins sem nýtur hennar getur hún einnig dregið úr hvatanum sem það fyrirtæki hefur til nýsköpunar. Jafnframt er hugsanlegt að aðstoðin styrki óhagkvæm fyrirtæki eða geri þeim, sem þiggur aðstoðina, kleift að auka markaðshindrandi starfsemi eða efla markaðsítök sín.

### 1.3 *Jafnvægismatið og beiting þess í tengslum við aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar*

#### 1.3.1 *Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð: Minni en markvissari aðstoð, jafnvægismat á aðstoð*

Framkvæmdastjórnin lýsti yfir eftirfarandi í Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð <sup>(8)</sup>: „Til þess að stuðla sem mest að markmiðum Lissabonáætlunarinnar um eflingu hagvaxtar og atvinnu, sem hleypt hefur verið af stokkunum að nýju, hyggst framkvæmdastjórnin styrkja eftir því sem við á hagfræðilega nálgun sína á sviði greiningar á ríkisaðstoð. Hagfræðileg nálgun er tæki til að gera tilteknar tegundir ríkisaðstoðar markvissari með tilliti til markmiða Lissabonáætlunarinnar sem hleypt hefur verið af stokkunum að nýju“.

Við mat á því hvort ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins beitir Eftirlitsstofnun EFTA sömu nálgun og framkvæmdastjórnin og vegur hugsanleg jákvæð áhrif ráðstöfunar, sem leiðir af því að unnið er að markmiði á sviði almannahagsmuna, á móti hugsanlegum neikvæðum áhrifum að því er varðar röskun á samkeppni og viðskiptum. Aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð er byggð á fyrirliggjandi reynslu og er þar komið fastri mynd á þessa jafnvægisathugun með því sem nefnt er „jafnvægismat“ <sup>(9)</sup>. Matið skiptist í þrjú þrep og er notað til að ákveða hvort samþykkingu skuli ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar. Fyrstu tvö þrepin snúa að jákvæðum áhrifum ríkisaðstoðar og hið þriðja að neikvæðum áhrifum og heildarjafnvægi jákvæðra og neikvæðra áhrifa:

- 1) Beinist aðstoðarráðstöfunin að vel skilgreindu markmiði á sviði almannahagsmuna (t.d. hagvexti, atvinnu, samheldni eða umhverfisvernd)?
- 2) Er aðstoðin vel sniðin að viðkomandi markmiði á sviði almannahagsmuna, þ.e. stuðlar aðstoðin, sem fyrirhugað er að veita, að því að uppræta markaðsbrest eða að öðru markmiði?
  - i) Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnþæki?
  - ii) Eru hvatningaráhrif fyrir hendi, þ.e. breytir aðstoðin hegðun fyrirtækja?
  - iii) Er aðstoðarráðstöfunin hæfileg að umfangi, þ.e. mætti ná fram sömu breytingum á hegðun með minni aðstoð?
- 3) Eru samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti takmörkuð á þann hátt að heildaráhrifin reynist jákvæð?

Jafnvægismatið má nota við athugun á ákvæðum um úthlutun ríkisaðstoðar svo og við mat á einstökum málum.

Þegar ákvæði hópundanþágureglugerðar eiga við samrýmist ríkisaðstoðin gildandi reglum ef hún fullnægir skilyrðunum sem sett eru í reglugerðinni. Hið sama á almennt við í flestum þeim tilvikum sem fjallað er um í þessum kafla.

<sup>(8)</sup> Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð (sjá 6. neðanmálgrein), 21. mgr.

<sup>(9)</sup> Sbr. Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð (6. neðanmálgrein), 11. og 20. mgr., sjá og nánari útlistun sem þegar er að finna í orðsendingunni um nýsköpun, COM (2005) 436 lokaútgáfa frá 21. september 2005.

Þegar um ræðir einstakar aðstoðarráðstafanir, sem eru þess eðlis að þær gætu raskað viðskiptum afar mikið vegna þess hversu háar aðstoðargreiðslurnar eru, mun Eftirlitsstofnun EFTA þó meta jákvæð og neikvæð áhrif aðstoðarinnar í heild á grundvelli meðalhófsreglu.

### 1.3.2 Markmið á sviði almannahagsmuna sem fjallað er um í kaflanum

Kaflinn, sem hér birtist, hefur að geyma umfjöllun um það markmið á sviði almannahagsmuna að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun. Markmiðið er að auka hagkvæmni með því að takast á við vel skilgreinda markaðsbresti sem koma í veg fyrir að framlög atvinnulífsins á EES til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar nái ákjósanlegu stigi.

Til þess að koma upp reglum, sem tryggja að aðstoðarráðstafanir stuðli að þessu markmiði, er fyrst og fremst nauðsynlegt að bera kennsl á þá markaðsbresti sem halda aftur af rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun. Sú margvíslega starfsemi, sem fellur undir rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun, er aðliggjandi ýmsum vörumörkuðum og er fólgin í því að nýta rannsókn-, þróunar- og nýsköpunargetu, sem er til staðar, til að þróa nýjar eða endurbættar vörur <sup>(10)</sup> og ferla fyrir þessa vörumarkaði, og stuðla þannig að hagvexti. Með hliðsjón af þeirri rannsókn-, þróunar- og nýsköpunargetu, sem er til staðar, er þó hugsanlegt að markaðsbrestir komi í veg fyrir kjörframleiðni á markaðnum og leiði af sér óskilvirkni af eftirtöldum ástæðum:

- **Jákvæð úthrif/þekkingarsmit:** Starfsemi á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar hefur oft í för með sér þekkingarsmit til hagsbóta fyrir samfélagið. Ef markaðurinn er látinn ráða kann arðsemi sumra verkefna að vera of lítil frá sjónarhóli einkafyrirtækja, enda þótt þau kæmu samfélaginu vel, vegna þess að fyrirtæki, sem stefna að hagnaði, horfa fram hjá ytri áhrifum gerða sinna þegar þau ákveða hversu mikið skuli lagt í rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Af þessum sökum er hugsanlegt að ekkert verði af verkefnum, sem þjóna almannahagsmunum, nema fyrir tilstuðlan hins opinbera.
- **Almannahagur/þekkingarsmit:** Að því er varðar öflun almennrar þekkingar, til að mynda grunnrannsóknir, er þess enginn kostur að halda slíkri þekkingu frá öðrum (almannahagur), en sérhæfðari þekking, sem tengist framleiðslu, getur aftur á móti notið verndar, til dæmis með einkaleyfum sem færa hugvitsmanninum meiri arð af nýsköpun sinni. Til þess að geta mótað viðeigandi framkvæmd á stuðningi við rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er mikilvægt að greina á milli öflunar almennrar þekkingar og þekkingar sem getur notið verndar. Fyrirtæki hneigjast til að nýta sér endurgjaldslaust almenna þekkingu sem aðrir hafa aflað, og eru af þeim sökum treg til að vinna sjálf að öflun þeirrar þekkingar. Raunar getur markaðurinn verið ekki aðeins óskilvirkur heldur algerlega óvirkur. Ef unnið væri meira að öflun almennrar þekkingar myndi samfélagið allt njóta góðs af þekkingarsmiti hvarvetna í atvinnulífinu. Í þessum tilgangi geta stjórnvöld þurft að styðja þekkingaröflun á vegum fyrirtækja. Þegar kemur að grunnrannsóknum geta þau þurft að bera kostnað fyrirtækja af rannsóknunum að fullu.
- **Ófullnægjandi og ójafn aðgangur að upplýsingum:** Mikil áhætta og óvissa fylgir starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Þegar aðgangur að upplýsingum er ófullnægjandi og/eða ójafn getur það valdið því að einkafjárfestar hiki við að leggja verðmætum verkefnum til fé og að sérfræðimentað starfsfólk sé ókunnugt um laus störf í nýskapandi fyrirtækjum. Niðurstaðan getur orðið sú að nýting mannauðs og fjármuna verði ófullnægjandi á þessum mörkuðum og að ekki verði af verkefnum sem skipta miklu fyrir atvinnulífið.
- **Samhæfingar- og samstarfsbrestir:** Geta fyrirtækja til samhæfingar, eða að minnsta kosti samráðs, við önnur fyrirtæki getur verið skert, og þar með geta þeirra til að vinna að rannsóknum, þróun og nýsköpun. Vandamál geta átt sér ýmsar ástæður, meðal annars erfiðleika við að samhæfa rannsókn- og þróunarstarf og leita upp heppilega samstarfsaðila.

### 1.3.3 Viðeigandi stjórnþæki

Mikilvægt er að hafa í huga að önnur stjórnþæki kunna að vera heppilegri leið til að auka framlög atvinnulífsins til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, til að mynda reglusetning, auknar fjárveitingar til háskóla, eða almennar skattaráðstafanir í þágu rannsókna, þróunarstarfs og

<sup>(10)</sup> Undir þetta fellur einnig þjónusta.



nýsköpunar <sup>(1)</sup>. Hversu viðeigandi hvert stjórnæki er við tiltekna aðstæður ræðst að jafnaði af meginorsökum vandans sem við er að glíma. Ráðstafanir til að draga úr markaðshindrunum geta verið meira viðeigandi aðferð en ríkisaðstoð til að takast á við erfiðleika nýs markaðsaðila við að nálgast niðurstöður rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Auknar fjárveitingar til háskóla geta verið meira viðeigandi aðferð til að takast á við skort á hæfu starfsfólki á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar en ríkisaðstoð sem rennur til verkefna á því sviði. Rétt er því fyrir EFTA-ríkin að veita ríkisaðstoð þegar hún er viðeigandi stjórnæki með hliðsjón af þeim vanda sem þau leitast við að leysa. Þetta merkir að nauðsynlegt er að afmarka skýrt markaðsbrestinn sem aðstoðarráðstöfunin á að beinast að.

#### 1.3.4 *Hefur aðstoðin hvatningaráhrif og er hún nauðsynleg?*

Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar verður að breyta hegðun aðstoðarþegans þannig að hann auki framlög sín til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og hleypi af stokkunum verkefnum eða starfsemi sem ekki hefðu orðið að veruleika að öðrum kosti, eða aðeins í minna mæli. Eftirlitsstofnun EFTA litur svo á að aðstoð eigi að leiða til aukinna rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar að því er varðar umfang, fjölbreytileika, fjárveitingar eða hraða. Hvatningaráhrif eru greind með staðleysugreiningu þar sem borið er saman umfang starfseminnar, sem stefnt er að, með aðstoð annars vegar og án aðstoðar hins vegar. EFTA-ríkin verða að leggja fram skýran rökstuðning fyrir því hvernig þau hyggjast tryggja að hvatningaráhrifin komi fram.

#### 1.3.5 *Er aðstoðin hæfileg að umfangi?*

Aðstoð telst hæfileg að umfangi því aðeins að ekki væri unnt að ná sama árangri með minna samkeppnisraskandi aðstoðarráðstöfun. Nánar tiltekið verður að taka aðstoðarfjárhæð og aðstoðarhlutfall við það sem er nauðsynlegt til þess að rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun, sem aðstoð er veitt til, eigi sér stað.

#### 1.3.6 *Neikvæð áhrif aðstoðarinnar á rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun verða að vera takmörkuð þannig að heildaráhrif séu jákvæð*

Hugsanlega samkeppnisröskun vegna ríkisaðstoðar til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar má flokka þannig:

- Truflun á breytilegum hvötum sem fyrirtæki búa við og ruðningsáhrif
- Stuðningur við óhagkvæma framleiðslu
- Markaðshindrandi athæfi og efling markaðsítaka
- Áhrif á staðsetningu atvinnustarfsemi á EES
- Áhrif á vöruflæði á innra markaðnum

Neikvæð áhrif verða að jafnaði meiri eftir því sem styrkfjárhæðir eru hærra og eftir því sem meiri aðstoð er veitt til starfsemi sem er nálægt því að koma vöru eða þjónustu á markað. Aðstoðarhlutfall ætti því almennt að vera lægra þegar aðstoðin rennur til starfsemi sem tengist þróun og nýsköpun en þegar um ræðir rannsóknastarfsemi. Þá er einnig mikilvægt að styrkhæfur kostnaður sé skilgreindur þannig að aðstoð sé ekki veitt vegna kostnaðar sem getur talist tengjast reglulegri starfsemi fyrirtækisins. Sérstakir eiginleikar fyrirtækisins, sem þiggur aðstoðina, og viðkomandi markaða ráða einnig nokkru um það hversu mikil samkeppnisröskunin verður. Tekið verður tillit til slíkra þátta í meiri smáatriðum í málum sem lögð eru undir ítarlegt mat.

#### 1.4 *Framkvæmd jafnvægmatsins: lagalegar úlyktanir og þörfin á sértækara mati*

Ákvæði þessa kafla verða notuð við mat á aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem er tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA. Mat stofnunarinnar á því, hvort aðstoð samræmist gildandi reglum, fer fram á grundvelli jafnvægmatsins sem er lýst í 1. undirkafla. Í samræmi við það

<sup>(1)</sup> Sjá Leiðbeiningar um ríkisaðstoð, kafla 17B: Beiting reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja. Sá kafla er byggður á tilkynningu um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja (Stjtið. EB C 384, 10.12.1998, bls. 3), að teknu tilliti til sérstaks gildissviðs og markmiða EES-samningsins.

verður ráðstöfun á þessu sviði samþykkt því aðeins að þetta leiði til jákvæðs mat, að teknu tilliti til einstakra þátta jafnvægis matsins. Þó getur verið breytilegt hvernig Eftirlitsstofnun EFTA stendur að þessu mati þar eð hættan, sem samkeppni og viðskiptum stafar af tilteknum tegundum ráðstafana, getur verið breytileg í einstökum tilvikum. Með fyrirvara um ákvæði 4.–7. gr. II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls<sup>(12)</sup> byggir Eftirlitsstofnun EFTA á mismunandi lagalegum ályktunum eftir því hvers eðlis aðstoðin er sem tilkynnt hefur verið.

Hvers kyns aðstoð, sem tilkynning berst um, verður fyrst metin samkvæmt ákvæðunum í 5. undirkafla. Í þeim undirkafla hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert grein fyrir ýmsum tegundum ráðstafana sem hún telur að svo komnu máli að styðja megi með ríkisaðstoð til þess að ráða bug á tilteknum markaðsbresti sem stendur í vegi fyrir rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun. Þá hefur stofnunin ákveðið ýmis skilyrði og breytur sem hafa þann tilgang að tryggja að ríkisaðstoð, sem beinist að þessum ráðstöfunum, hafi raunveruleg hvatningaráhrif, sé hæfilega umfangsmikil og hafi sem minnst neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti. Þannig er að finna í 5. undirkafla breytur sem lúta að starfseminni sem er styrkt, aðstoðarhlutföllum og skilyrðum sem sett eru fyrir því að aðstoð geti talist samrýmanleg reglum. Að megin stefnu til geta aðeins þær ráðstafanir, sem fullnægja skilyrðunum sem fram koma í 5. undirkafla, talist samrýmanlegar EES-samningnum með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins á grundvelli þessa kafla.

Í 6. undirkafla er að finna nánari útlistun Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvernig staðið verður að mati á þörfinni á aðstoð og hvatningaráhrifum hennar.

Í 7. undirkafla er að finna nánari útlistun stofnunarinnar á því í hvaða tilvikum ítarlegt mat fer fram og hvernig því er hagað.

Þetta leiðir af sér mismunandi matsstig samkvæmt eftirgreindu. Á fyrsta matsstigi lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að nægilegt sé að megin stefnu til að ráðstafanirnar, sem um ræðir, séu í samræmi við skilyrðin sem sett eru í 5. undirkafla, að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum 6. undirkafla fyrir því að unnt sé að gera ráð fyrir hvatningaráhrifum. Í öllum öðrum tilvikum er nánari athugunar þörf að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA, vegna hættunnar sem steðjar að samkeppni og viðskiptum vegna starfseminnar, aðstoðarfjárhæðar eða tegundar aðstoðarþega. Sú nánari athugun verður að jafnaði fölginn í frekari og ítarlegri greiningu á málsatvikum í samræmi við ákvæði 6. undirkafla, að því er varðar nauðsyn ráðstöfunar og hvatningaráhrif, eða ákvæði 7. undirkafla, að því er varðar mat á aðstoð umfram hámarkið sem er sett í undirkafla 7.1. Í kjölfar slíkrar nánari athugunar getur Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt aðstoðina, lýst hana ósamrýmanlega sameiginlega markaðnum eða lýst hana samrýmanlega sameiginlega markaðnum að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í fyrsta lagi lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að sumar ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar séu þess eðlis að nægilegt sé að fullnægja ákvæðum 5. og 6. undirkafla til þess að samræmi við gildandi reglur sé tryggt, enda er gengið út frá því sem vísu að niðurstaða jafnvægis mats á slíkum ráðstöfunum yrði jákvætt. Hvort tiltekin ráðstöfun fellur í þennan flokk fer eftir tegund aðstoðarþega, hvaða starfsemi er styrkt og fjárhæð veittrar aðstoðar. Það er afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA lítur svo á að eftirtaldir ráðstafanir verði lýstar samrýmanlegar gildandi reglum á grundvelli ákvæða 5. og 6. undirkafla ef i) þær fullnægja öllum skilyrðum og forsendum samkvæmt 5. undirkafla og ii) aðstoðin er ekki veitt fyrir en eftir að sótt hefur verið um hana til stjórnvalda í landinu:

- Aðstoð til einstakra verkefna og hagkvæmnikannana þar sem aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og aðstoð vegna einstakra verkefna nemur minni fjárhæð en 7,5 milljónum EUR (verkefnastyrkir að viðbættum styrkjum vegna hagkvæmnikönnunar)
- Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar
- Aðstoð við ung sprotafyrirtæki
- Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar; aðstoð til kaupa á stoðþjónustu á sviði nýsköpunar
- Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni

<sup>(12)</sup> Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

Að því er ofangreindar ráðstafanir varðar kemur fram í 6. undirkafla að hvatningaráhrif séu talin vera fyrir hendi ef skilyrðinu, sem tilgreint er í lið ii) hér á undan, er fullnægt.

Í öðru lagi gildir um tilkynnta aðstoð, sem nemur **lægri** fjárhæð en hámarks samkvæmt undirkafla 7.1 í þessum kafla, að nánari athugun er fölginn í rökstuðningi fyrir því að aðstoðin hafi hvatningaráhrif og sé nauðsynleg, sbr. 6. undirkafla. Slikar ráðstafanir verða því lýstar samrýmanlegar gildandi reglum á grundvelli ákvæðanna í 5. og 6. undirkafla þá og því aðeins að i) þær fullnægi öllum skilyrðum og forsendum samkvæmt 5. undirkafla og ii) rökstutt hafi verið, í samræmi við 6. undirkafla, að aðstoðin hafi hvatningaráhrif og sé nauðsynleg.

Í þriðja lagi gildir um tilkynnta aðstoð, sem nemur **hærri** fjárhæð en hámarks samkvæmt undirkafla 7.1 í þessum kafla, að nánari athugun er fölginn í ítarlegu mati í samræmi við ákvæðin í 7. undirkafla. Slikar ráðstafanir verða því lýstar samrýmanlegar gildandi reglum á grundvelli ákvæðanna í 5., 6. og 7. undirkafla þá og því aðeins að i) þær fullnægi öllum skilyrðum og forsendum samkvæmt 5. undirkafla og ii) jafnvægismat samkvæmt 7. undirkafla leiði til jákvæðrar heildarniðurstöðu.

### 1.5 Forsendur fyrir sértækum ráðstöfunum sem falla undir ákvæði þessa kafla

Eftirlitsstofnun EFTA hefur beitt þessum viðmiðum gagnvart rannsóknnum, þróunarstarfi og nýsköpun og tekið saman neðangreindan lista yfir ráðstafanir sem hugsanlegt er, við sérstakar aðstæður, að veita megi ríkisástoð til með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- *Aðstoð til verkefna á sviði grunnrannsókna, iðnrannsókna og þróunarstarfs* beinist aðallega að þeim markaðsbresti sem tengist jákvæðum úthrifum (þekkingarsmiti), m.a. almannagæðum. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að gagnlegt sé að gera greinarmun á mismunandi tegundum rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarstarfs enda þótt starfið geti byggst á gagnvirku nýsköpunarferli fremur en línulegu ferli. Mismunandi aðstoðarhlutföll eru notuð til að endurspegla mismunandi umfang markaðsbrestsins og hversu nálægt starfsemi er því að verða markaðssett. Þá hefur ýmis nýsköpunarstarfsemi verið flokkuð undir þróunarstarf, en það er breyting frá því sem var í eldri ríkisástoðarreglum á þessu sviði. Þar að auki hefur styrkakerfið verið einfaldað. Sökum þess að gert er ráð fyrir meiri áhrifum af markaðsbrestum og víðtækari jákvæðum úthrifum virðast styrkukar réttlætunlegir þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki, samvinnu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og annarra við þau, samvinnu yfir landamæri svo og samstarfsverkefni fyrirtækja og opinberra rannsóknamiðstöðva.
- *Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana* í tengslum við verkefni á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar hefur það að markmiði að vinna gegn markaðsbresti sem stafar af ófullnægjandi upplýsingum og ójöfnum aðgangi að upplýsingum. Athuganir af þessu tagi teljast fjær markaði en verkefnið sjálft og því er unnt að fallast á tiltölulega hátt aðstoðarhlutfall.
- *Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar* beinist að markaðsbresti sem tengist jákvæðum úthrifum (þekkingarsmiti). Markmiðið er að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum auðveldara að ná til sín nægilega afgangi og skapa þeim þannig aukinn hvata til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.
- *Aðstoð við ung sprotafyrirtæki* hefur verið bætt við til að bæta úr markaðsbresti sem stafar af ófullnægjandi upplýsingum og ójöfnum aðgangi að upplýsingum og spillir fyrir þessum fyrirtækjum á sérstaklega afgerandi hátt, og dregur þannig úr getu þeirra til að afla nægilega mikils fjár til nýsköpunarverkefna.
- *Aðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfsemi* beinist að markaðsbrestum sem tengjast ófullnægjandi upplýsingum og jákvæðum úthrifum. Henni er ætlað að vinna bug á því vandamáli að nýsköpun á sviði þjónustustarfsemi kann að vera þess eðlis að hún falli ekki að neinum flokki rannsókna og þróunarstarfs. Nýsköpun á sviði þjónustustarfsemi kemur iðulega til sem afleiðing af samskiptum við viðskiptamenn og átök á markaði, fremur en af nýtingu eldri þekkingar á sviði vísinda, tækni eða viðskipta. Þá byggist nýsköpun á sviði þjónustustarfsemi að jafnaði á nýjungum að því er varðar verkferla og skipulag fremur en tæknilegri framþróun. Að þessu leyti nýtur verkferils- og skipulagstengd

nýsköpun á sviði þjónustustarfsemi ófullnægjandi stuðnings af aðstoð til rannsókn- og þróunarverkefna og þörf er á annarri, sértækri aðstoðarráðstöfun til að vinna bug á þeim markaðsbrestum sem há henni.

- *Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar*, sem veitt er á vegum nýsköpunarmiðlara, beinist að markaðsbrestum sem tengjast ófullnægjandi dreifingu upplýsinga, úthrifum og skorti á samhæfingu. Ríkisaðstoð er viðeigandi lausn þegar breyta þarf þeim hvötum sem lítil og meðalstór fyrirtæki hafa til að kaupa slíka þjónustu og til að auka framboð og eftirspurn á þjónustu nýsköpunarmiðlara.
- *Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni* beinist að markaðsbresti sem tengist ófullnægjandi upplýsingum á vinnumarkaði á EES. Sérfræðimenntað starfsfólk á EES ræður sig helst til stórfyrirtækja vegna þess að þau eru talin bjóða betri starfsskilyrði og öruggari og álitlegri störf. Á hinn bóginn myndu lítil og meðalstór fyrirtæki njóta verulegrar þekkingaryfirfærslu og aukinna möguleika á nýsköpun ef þau ættu þess kost að ráða sérfræðimenntað starfsfólks til að sinna rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun. Með því að brúa bilið milli stórfyrirtækja eða háskóla annars vegar og lítilla og meðalstórra fyrirtækja hins vegar mætti einnig vinna gegn markaðsbrestum sem stafa af skorti á samhæfingu og stuðla að uppbyggingu fyrirtækjaklasa.
- *Aðstoð við nýsköpunarklasa* hefur það að markmiði að bæta úr markaðsbrestum sem tengjast skorti á samhæfingu sem hindrar uppbyggingu klasa eða takmarkar samskipti og þekkingarstreymi innan þeirra. Til þess að vinna bug á þessum anda gæti ríkisaðstoð gæti komið að gagni að tvennu leyti: í fyrsta lagi með því að stuðla að fjárfestingu í opnum og sameiginlegum grunnvirkjum fyrir nýsköpunarklasa, og í öðru lagi með því að stuðla að virkni klasans og efla þannig samvinnu, tengslamyndun og nám.

## 2. Gildissvið og skilgreiningar

### 2.1 Gildissvið ákvæðanna í þessum kafla

Samkvæmt almennum reglum EES-samningsins er óheimilt að samþykkja ríkisaðstoð ef viðkomandi ráðstöfun felur í sér mismunun sem ekki er unnt að réttlæta með tilvísun til þess hvers eðlis ríkisaðstoðin er. Í tengslum við rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun ber einkum að taka fram að Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki samþykkja aðstoðarráðstöfun sem hefur það í för með sér að ekki verður unnt að hagnýta árangur rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarfsins í öðrum EES-ríkjum.

Stjórnvöld geta pantað rannsóknir og þróunarstarf hjá fyrirtækjum eða keypt af þeim niðurstöður slíkrar starfsemi. Ef ekki er greitt markaðsverð fyrir rannsóknir og þróunarstarf af því tagi er að jafnaði um ríkisaðstoð að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ef samningar á þessu sviði miðast á hinn bóginn við markaðskjör, en vísbending um það getur verið að útboð hafi farið fram í samræmi við ákvæði gildandi tilskipana um innkaup hins opinbera, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu<sup>(13)</sup>, sem var felld inn í EES-samninginn sem 4. liður XVI. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 (Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 22, og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 18), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga<sup>(14)</sup>, sem var felld inn í EES-samninginn sem 2. liður XVI. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 (Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 22, og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 18), mun Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði líta svo á að ekki sé um ríkisaðstoð að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Ákvæði þessa kafla gilda um aðstoð til stuðnings rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun í öllum atvinnugreinum sem falla undir EES-samninginn. Þau gilda einnig í þeim greinum sem falla undir sérreglur um ríkisaðstoð nema kveðið sé á um annað í þeim reglum.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

Ákvæði þessa kafla gilda um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar á sviði umhverfismála <sup>(15)</sup> enda eru þar mörg tækifæri til að nýta samlegð milli nýsköpunar sem hefur það að markmiði að auka gæði og afköst og nýsköpunar sem hefur það hlutverk að bæta orkunýtingu, draga úr úrgangi og auka öryggi.

Í kjölfar gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 að því er varðar rýmkun gildissviðs hennar þannig að hún taki til aðstoðar til eflingar rannsóknum og þróun <sup>(16)</sup>, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1f í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 67, og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 49), nýtur aðstoð vegna rannsókna og þróunar hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum undanþágu frá tilkynningarskyldu að uppfylltum skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja <sup>(17)</sup>, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1f í XV. viðauka. EFTA-rikinum er þó heimilt að tilkynna slíka aðstoð. Kjósi þau að gera það verða ákvæðin í þessum kafla notuð eftir sem áður við mat á aðstoð sem þannig er tilkynnt.

Þó að starfsmannakostnaður sé styrkhæfur samkvæmt ýmsum ráðstöfunum sem falla undir ákvæðin í þessum kafla, og bætt hafi verið við ráðstöfun sem lýtur að aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni, fellur aðstoð vegna almennra atvinnuráðstafana og menntunar rannsóknafólks áfram undir sérákvæði um ríkisaðstoð til eflingar atvinnu og aðstoð til menntunar, þ.e. sem stendur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar <sup>(18)</sup>, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1d í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 (Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 49, 3.10.2002, bls. 13), og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu <sup>(19)</sup>, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1g í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2003.

Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, sem rennur til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, í skilningi ákvæða 16. kafla í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, Aðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki í erfiðleikum (*sic*) <sup>(20)</sup>, fellur ekki undir ákvæðin í þessum kafla.

## 2.2 Skilgreiningar

Að því er varðar ákvæðin í þessum kafla gilda eftirtaldar skilgreiningar:

- a) „**Lítill og meðalstór fyrirtæki**“: fyrirtæki sem þannig eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 70/2001, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1f í XV. viðauka, eða hverri þeirri gerð sem kemur í hennar stað.
- b) „**Stórfyrirtæki**“: Fyrirtæki sem falla ekki undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- c) „**Aðstoðarhlutfall**“: heildarfrjárhæð aðstoðar sem hundraðshluti af styrkhæfum kostnaði verkefnisins. Allar tölur, sem notaðar eru, skulu miðast við stöðu fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda. Ef aðstoð er veitt á annan hátt en sem styrkur skal aðstoðarfrjárhæðin vera styrkigildi aðstoðarinnar. Ef aðstoð er greidd út í áföngum skal núvirða hana til þess tíma sem hún er veitt. Við núvirðingu og útreikning á aðstoðarfrjárhæð, sem er fólgin í láni á hagfelldum

<sup>(15)</sup> Sjá Leiðbeiningar um ríkisaðstoð, kafla 15: Aðstoð á sviði umhverfisverndar, sem samsvarar leiðbeiningum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar (Stjtið. EB C 37, 3.2.2001, bls. 3, 7. mgr.). Í tengslum við endurskoðun á leiðbeiningunum um umhverfisvernd mun Eftirlitsstofnun EFTA einnig taka til athugunar hvort sæta skuli færiss til að bæta við nýjum ráðstöfunum, er þá geta meðal annars varðað nýsköpun í umhverfisverndarskyni.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22.

<sup>(17)</sup> Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33. Reglugerðinni hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 364/2004.

<sup>(18)</sup> Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20. Reglugerðinni hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 363/2004 (Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 20).

<sup>(19)</sup> Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3.

<sup>(20)</sup> Ákvæði 16. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð samsvara leiðbeiningum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöðum fyrirtækjum (sem stendur Stjtið. ESB C 244, 1.10.2004, bls. 2).

kjörum, skal nota viðmiðunarvexti sem eru í gildi á þeim tíma sem aðstoðin er veitt. Aðstoðarhlutfallið er reiknað sérstaklega fyrir hvern móttakanda aðstoðar.

- d) „**Rannsóknamiðstöð**“: rekstrareining á borð við háskóla eða rannsóknastofnun, óháð lögformlegri stöðu (þ.e. hvort sem hún fellur undir opinberan rétt eða einkarétt) og því hvernig hún er fjármögnuð, sem hefur það meginmarkmið að stunda grunnrannsóknir, iðnrannsóknir eða þróunarstarf og miðla niðurstöðunum með kennslu, birtingu eða miðlun tækniþekkingar. Allur hagnaður eru látinn renna aftur til þessarar starfsemi, til miðlunar á niðurstöðum eða til kennslu. Fyrirtæki, sem geta haft áhrif á slíka rekstrareiningu, til að mynda sem hluthafar eða félagar, mega hvorki njóta forgangs af neinu tagi að rannsóknargetu rekstrareiningarinnar né að niðurstöðum rannsókna sem fara fram á hennar vegum.
- e) „**Grunnrannsóknir**“: Tilraunastarf og fræðilegt starf sem einkum er unnið í því skyni að afla nýrrar þekkingar á grundvallarsökum fyrirbæra og staðreynda, án þess að nokkuð liggi fyrir um beina hagnýting þeirrar þekkingar.
- f) „**Iðnrannsóknir**“: Skipulegar rannsóknir eða grannskoðun sem hefur það að markmiði að afla nýrrar þekkingar og kunnáttu sem nýtist til að þróa nýjar vörur, verkferla eða þjónustu eða til að koma í kring umtalsverðum endurbótum á eldri vörum, verkferlum eða þjónustu. Undir þetta fellur vinna við gerð íhluta flókinna kerfa sem er nauðsynleg í iðnrannsóknum, einkum vegna gildingar almennt aðgengilegrar tækni, að undanskildum frumgerðum sem falla undir lið g) hér á eftir.
- g) „**Þróunarstarf**“: Öflun, samsetning, mótun og notkun eldri þekkingar og kunnáttu á sviði vísinda, tækni eða viðskipta eða af öðru tagi með það að markmiði að setja saman áætlanir og fyrirmyndir eða snið fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu. Hér getur einnig verið um að ræða, meðal annars, aðra starfsemi sem miðast að hugmyndavinnu, skipulagningu og samantekt gagna sem snýr að nýjum vörum, verkferlum og þjónustu. Starfsemin getur snúist um að setja saman drög, teikningar, áætlanir og önnur gögn, að því tilskildu að þau séu ekki ætluð til notkunar í viðskiptalegum tilgangi.

2.2.1. Undir þetta fellur einnig þróun frumgerða og tilraunaverkefna, sem geta nýst í viðskiptalegum tilgangi, ef frumgerðin er óhjákvæmilega hin endanlega söluvara og kostnaður við framleiðslu hennar er of hár til þess að hún verði notuð eingöngu í kynningar- og gildingarskyni. Ef kynningar- eða tilraunaverkefni eru notuð síðar í viðskiptalegum tilgangi ber að draga allar tekjur sem þannig verða til frá styrkhæfum kostnaði.

21.2. Tilraunaframleiðsla og prófun á vörum, verkferlum og þjónustu er einnig styrkhæf að því tilskildu að ekki sé unnt að hagnýta slíka framleiðslu í iðnaði eða í viðskiptaskyni eða breyta henni þannig að hún nýtist á þann hátt.

2.2.3. Undir þróunarstarf falla ekki venjulegar eða reglubundnar breytingar sem gerðar eru á vörum, framleiðslutækjum, framleiðsluferlum, þjónustu sem þegar er í boði og annarri yfirstandandi starfsemi, jafnvel þótt slíkar breytingar kunni að fela í sér endurbætur.

- a) „**Fjármunir til endurgreiðslu**“: Lán til verkefnis sem er greitt út í einu lagi eða í áföngum og bundið skilmálum um endurgreiðslu sem eru háðir niðurstöðum rannsóknar-, þróunar- eða nýsköpunarverkefnisins.
- b) „**Nýsköpun á sviði verkferla**“<sup>(21)</sup>: Upptaka nýrrar eða verulega endurbættrar framleiðslu- eða skilaaðferðar (undir þetta falla tæknibreytingar og breytingar á vélbúnaði og/ eða hugbúnaði, ef verulegar teljast). Eftirtalið telst ekki til nýsköpunar: smávægilegar breytingar og endurbætur, aukin framleiðslu- eða þjónustugeta vegna nýrra framleiðslu- eða vörustjórnunarkerfa sem líkjast mjög þeim sem þegar eru í notkun, niðurfelling verkferils, hrein endurnýjun framleiðslutækja eða viðbætur við þau, breytingar sem stafa eingöngu af breytingum á verði aðfanga, sérframleiðslu, reglulegum árstíðabundnum breytingum og öðrum lotubundnum breytingum, svo og viðskipti við nýjar eða verulega endurbættar vörur.
- c) „**Skipulagstengd nýsköpun**“<sup>(22)</sup>: Upptaka nýrrar aðferðar við skipulagningu að því er varðar viðskiptahætti fyrirtækisins, skipulag á vinnustað eða samskipti út á við. Eftirtalið telst ekki til nýsköpunar: breytingar á viðskiptaháttum, skipulagi á vinnustað eða samskiptum út á við

<sup>(21)</sup> Sbr. skilgreiningu í Óslóarhandbókinni, Leiðbeiningar um söfnun og túlkun gagna um nýsköpun, 3. útg., Efnahags- og framfarastofnunin, 2005, bls. 49.

<sup>(22)</sup> Sbr. skilgreiningu í Óslóarhandbókinni, bls. 51.

sem rekja má til aðferða við skipulagningu sem þegar eru í notkun í fyrirtækinu, breytingar á stefnumörkun yfirstjórnar, samruni og yfirtaka fyrirtækja, niðurfelling verkferils, hrein endurnýjun framleiðslutækja eða viðbætur við þau, breytingar sem stafa eingöngu af breytingum á verði aðfanga, sérframleiðslu, reglulegum árstíðabundnum breytingum og öðrum lotubundnum breytingum, svo og viðskipti við nýjar eða verulega endurbættar vörur.

- d) „**Sérfræðimenntað starfsfólk**“: Rannsóknafólk, tæknimenn, hönnuðir og starfsmenn á sviði markaðsstjórnar sem hafa lokið háskólanámi og hafa að baki að minnsta kosti fimm ára starfsreynslu sem nýtist í starfi. Nám til doktorsprófs getur flokkast undir starfsreynslu sem nýtist í starfi.
- e) „**Útsending starfsmanna**“: Tímabundin ráðning starfsfólks til aðstoðarþega með þeim hætti að starfsmennirnir eiga rétt á að snúa aftur til fyrra starfs að liðnum tilteknum tíma.
- f) „**Nýsköpunarklasar**“: hópar sjálfstæðra fyrirtækja – nýskapandi sprotafyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stórfyrirtækja, auk rannsóknamiðstöðva – sem eru starfandi í tiltekinni atvinnugrein og á tilteknu svæði og er ætlað að örva nýsköpunarstarf með því að ýta undir virk samskipti, samnýtingu á búnaði og aðstöðu og skiptum á sérþekkingu og kunnáttu og með því að stuðla á skilvirkan hátt að miðlun tækniþekkingar, tengslamyndun og upplýsingamiðlun meðal fyrirtækja í klasanum. Æskilegast er að EFTA-ríkið stefni að því að skapa hæfilegt jafnvægi í klasanum milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja annars vegar og stórfyrirtækja hins vegar, þannig að vægi fyrirtækjahópsins í heild verði nægilegt, og þá einkum með því að einbeita sér að tilteknu sviði rannsókna, þróunarstarfs eða nýsköpunar og taka mið af klösnum sem þegar eru starfandi í EFTA-rikinu og á vettvangi EES.

### 3. Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Í almennum atriðum verður farið með allar fjárveitingar, sem fullnægja skilyrðunum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem ríkisaðstoð. Í því skyni að veita nánari leiðsögn um þetta er fjallað hér á eftir um aðstæður sem gjarna koma upp í tengslum við starfsemi á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.

#### 3.1 Rannsóknamiðstöðvar og nýsköpunarmiðlarar sem viðtakendur ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Spurningunni um það hvort rannsóknamiðstöðvar séu viðtakendur ríkisaðstoðar verður að svara í samræmi við almennar ríkisaðstoðarreglur.

Á grundvelli ákvæða 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og dómaframkvæmdar EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna verður farið með opinbera fjármögnun, sem rennur til rannsóknamiðstöðva vegna starfsemi á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, sem ríkisaðstoð ef öllum skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er fullnægt. Samkvæmt dómaframkvæmd felur þetta meðal annars í sér að rannsóknamiðstöðin verður að teljast fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Það ræðst hvorki af lögformlegri stöðu hennar (þ.e. hvort sem hún fellur undir opinberan rétt eða einkarétt) né eðli atvinnustarfseminnar (þ.e. hvort hún er rekin í hagnaðarskyni eða ekki). Það sem ræður úrslitum um hvort rannsóknamiðstöð flokkast sem fyrirtæki er hvort hún hefur með höndum atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem er fölgín í því að selja vörur og/eða þjónustu á tilteknum markaði <sup>(23)</sup>. Í samræmi við þetta fellur hvers kyns opinber fjármögnun atvinnustarfsemi undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef öðrum skilyrðum er fullnægt.

##### 3.1.1 Opinber fjármögnun starfsemi sem er ekki rekin í hagnaðarskyni

Ef sama rekstareining stundar bæði atvinnustarfsemi og starfsemi sem er ekki rekin í hagnaðarskyni er fylgt þeirri reglu, til þess að koma í veg fyrir að atvinnustarfsemin njóti styrkja, að telja opinbera fjármögnun á starfsemi, sem er ekki atvinnustarfsemi, ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef unnt er að gera skýran mun á þessum tveimur tegundum starf-

<sup>(23)</sup> Mál 118/85 *Commission v. Italy* [1987] ECR 2599, 7. mgr., mál C-35/96 *Commission v. Italy* [1998] ECR I-3851, CNSD, 36. mgr.; mál C-309/99 *Wouters* [2002] ECR I-1577, 46. mgr.

semi og útgjöldum og fjármögnun hvorrar starfsemi um sig <sup>(24)</sup>. Sannanir fyrir því að útgjöldum hafi verið skipt rétt niður geta verið í mynd ársuppgjörs hvers háskóla og rannsóknamiðstöðvar.

Afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er engu að síður sú að meginstarfsemi rannsóknamiðstöðva sé að jafnaði ekki rekin í hagnaðarskyni, og þá einkum:

- kennslustörf í því skyni að fjölga vel menntuðu starfsfólki,
- sjálfstæð rannsókn- og þróunarstarfsemi sem hefur það að markmiði að auka þekkingu og skilning, að meðtöldu samstarfi um rannsóknir og þróunarstarf við aðrar stofnanir,
- miðlun rannsóknarmiðurstaðna.

Þá lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að starfsemi á sviði miðlunar tækniþekkingar (sala sérleyfisréttar, stofnun nýs fyrirtækis út úr félaginu og aðrar aðferðir sem rannsóknamiðstöðin notar til að halda utan um þekkingu sem verður til hjá henni) beri ekki að telja atvinnustarfsemi ef hún snýr aðeins að innri málum félagsins <sup>(25)</sup> og allar tekjur af þessari starfsemi séu endurfjárfestar í meginstarfsemi rannsóknamiðstöðvarinnar <sup>(26)</sup>.

### 3.1.2 *Opinber fjármögnun atvinnustarfsemi*

Efrannsóknamiðstöðvar eða aðrir nýsköpunarmiðlarar sem reka starfsemi sína ekki í hagnaðarskyni (til að mynda tæknimiðstöðvar, klakstöðvar eða viðskiptaráð) hafa með höndum atvinnustarfsemi á borð við útleigu mannvirkja, þjónustu við fyrirtæki eða rannsóknavinnu í verktöku ber að standa að henni á venjulegum markaðsgrundvelli, og opinber fjármögnun slíkrar starfsemi felur að jafnaði í sér ríkisaðstoð.

Geti rannsóknamiðstöð eða nýsköpunarmiðlari, sem rekur starfsemi sína ekki í hagnaðarskyni, sýnt fram á að allt það ríkisfjármagn, sem veitt hafi verið til að styrkja tiltekna þjónustu, hafi á endanum runnið til endanlegs viðtakanda og að miðlarinn hafi ekki haft hag af, kann þó að vera að stofnunin, sem gegnir hlutverki miðlara, hafi ekki notið ríkisaðstoðar.

Um aðstoð til endanlegra viðtakenda gilda venjulegar ríkisaðstoðarreglur.

### 3.2 *Óbein ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem rennur til fyrirtækja gegnum rannsóknamiðstöðvar sem njóta opinberra styrkja*

Þessum undirkafla er ætlað að skýra hvaða skilyrði ráða því hvort fyrirtæki teljast njóta hagræðis í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar það kaupir rannsóknir af rannsóknamiðstöð eða hefur samstarf við rannsóknamiðstöð. Að því er varðar aðra þætti 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gilda venjubundnar reglur. Einkum þarf að meta, í samræmi við viðeigandi dómaframkvæmd, hvort hegðun rannsóknamiðstöðvarinnar megi rekja til þess að hún hafi fengið ríkisaðstoð <sup>(27)</sup>.

#### 3.2.1 *Rannsóknir í þágu fyrirtækja (rannsóknir í verktöku eða rannsóknþjónusta)*

Hér er um að ræða aðstæður þar sem verkefni er unnið á vegum rannsóknamiðstöðvar fyrir hönd fyrirtækis. Rannsóknamiðstöðin, þ.e. umboðsmaðurinn, selur fyrirtækinu, þ.e. umbjóðandanum, þjónustu við aðstæður þar sem i) umboðsmaðurinn fær greidda hæfilega þóknun fyrir þjónustu sína og ii) umbjóðandinn tilgreinir skilmála þjónustunnar. Í flestum tilvikum eignast umbjóðandinn niðurstöður verkefnisins og ber áhættuna af því að árangur verði lítill. Þegar rannsóknamiðstöð vinnur samkvæmt slíkum samningi telst að jafnaði engin ríkisaðstoð hafa runnið til fyrirtækisins gegnum rannsóknamiðstöðina ef öðru eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- 1) Rannsóknamiðstöðin selur þjónustu sína á markaðsverði.

<sup>(24)</sup> Undir atvinnustarfsemi falla einkum rannsóknir sem unnið er að samkvæmt samningi við fyrirtæki, útleiga rannsóknaraðstöðu og ráðgjafarstörf.

<sup>(25)</sup> Með innri málum er átt við aðstæður þar sem umsýsla þekkingar, sem er fyrir hendi í rannsóknamiðstöð(vum), fer annaðhvort fram á vegum deildar eða dótturfélags rannsóknamiðstöðvarinnar eða í samvinnu við aðrar rannsóknamiðstöðvar. Þó að tiltekin þjónusta sé útviðstúð til þriðju aðila með opnum útboðum hindrar það ekki að slík starfsemi teljist til innri mála.

<sup>(26)</sup> Að því er varðar önnur afbrigði af miðlun tækniþekkingar sem nýtur ríkisfjármögnunar er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að hún geti ekki á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga ákveðið almennt hvort styrkir til slíkrar starfsemi hafi í för með sér ríkisaðstoð. Stofnunin minnir sérstaklega á þá skyldu EFTA-rikkanna samkvæmt bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að leggja mat á eðli slíkra ráðstafana í hverju tilviki um sig, og tilkynna þær stofnuninni ef þeim virðist sem um ríkisaðstoð sé að ræða.

<sup>(27)</sup> Sbr. mál C-482/99 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn* [2002] ECR I-4397, að því er varðar spurninguna um áhrifavald ríkisins.



- 2) Rannsóknamiðstöðin selur þjónustu sína á verði sem samsvarar öllum kostnaði við hana að viðbættum hæfilegum hagnaði, þegar engu markaðsverði er til að dreifa.

### 3.2.2 Samstarf fyrirtækja og rannsóknamiðstöðva

Þegar um ræðir samstarfsverkefni taka tveir samstarfsaðilar hið minnsta þátt í skipulagningu verkefnisins, leggja sitt af mörkum við framkvæmd þess og skipta með sér áhættu af verkefninu og afrakstri þess.

Þegar um ræðir samstarfsverkefni fyrirtækja og rannsóknamiðstöðva lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að engin óbein ríkisaðstoð renni til fyrirtækisins gegnum rannsóknamiðstöðina sökum þeirra hagfelldu skilyrða, sem samstarfið skapar, ef öðru eftirtalinnu skilyrða er fullnægt:

- 1) Fyrirtækin, sem taka þátt í samstarfinu, bera allan kostnað af verkefninu.
- 2) Heimilt er að dreifa frjálst þeim niðurstöðum sem lúta ekki hugverkarétti og öll hugverkaréttindi, sem tengjast niðurstöðum rannsókna, þróunar- og nýsköpunarstarfsemi rannsóknamiðstöðvarinnar, verða að fullu eign <sup>(28)</sup> hennar.
- 3) Greiðsla rannsóknamiðstöðvarinnar frá fyrirtækjunum, sem taka þátt í verkefninu, samsvarar markaðsverði fyrir hugverkaréttindi <sup>(29)</sup> sem verða til vegna starfsemi rannsóknamiðstöðvarinnar í tengslum við verkefnið og eru færð til fyrirtækjanna. Frá slíkri greiðslu skal draga hvers kyns framlög fyrirtækjanna, sem taka þátt í verkefninu, til kostnaðar rannsóknamiðstöðvarinnar.

Sé engu ofangreindra skilyrða fullnægt getur EFTA-ríkið byggt á sérstöku mati á samstarfsverkefninu <sup>(30)</sup>. Þá getur einnig verið að ekki sé um ríkisaðstoð að ræða þegar mat á samningum, sem samstarfsaðilarnir hafa gert með sér, leiðir til þeirrar niðurstöðu að öll hugverkaréttindi, sem tengjast niðurstöðum rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarstarfs, svo og réttindi til aðgangs að niðurstöðunum teljist eign einstakra aðila að samstarfinu og endurspeglí á fullnægjandi hátt mismunandi hagsmuni þeirra, vinnuframlag og framlög til verkefnisins, fjárhagsleg eða af öðru tagi. Sé skilyrðum 1), 2) og 3) ekki fullnægt og sérstakt mat á samstarfsverkefninu leiðir ekki til þeirrar niðurstöðu að engin ríkisaðstoð hafi verið veitt mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að andvirði framlags rannsóknamiðstöðvarinnar til verkefnisins sé í heild aðstoð til fyrirtækjanna.

## 4. Er aðstoðin samrýmanleg gildandi reglum með vísan til staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Aðstoð, sem er veitt til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar í því skyni að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum, getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA mun taka þá afstöðu að ákvæði staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins eigi við ef eftirtöldum skilyrðum er öllum fullnægt:

- 1) Fyrirhuguð aðstoð tengist verkefni sem hefur verið skilgreint vel með tilliti til þess hvernig það skuli framkvæmt, m.a. hverjir þátttakendurnir eru og hvaða markmiðum verður fylgt. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig litið á samstæðu nokkurra verkefna sem eitt verkefni.
- 2) Verkefnið verður að þjóna sameiginlegum hagsmunum Evrópuríkja: verkefnið verður að stuðla að hagsmunum Evrópuríkja á áþreifanlegan, skýran og greinanlegan hátt. Ávinningur, sem leiðir af markmiðum verkefnisins, má ekki vera bundinn við eitt EFTA-ríki, eða þau EFTA-ríki sem standa að því, heldur verður hann að ná til alls landsvæðisins sem EES-samningurinn tekur til. Verkefnið verður að fela í sér umtalsvert framfaraskref að því er varðar markmið Evrópusamvinnunnar, til að mynda þannig að það hafi mikla þýðingu fyrir

<sup>(28)</sup> „Að fullu“ merkir að rannsóknamiðstöðin hefur full efnahagsleg afnot af réttindunum með því að halda fullum yfirráðum yfir þeim, og þá einkum eignarétti og réttinum til að selja sérleyfi. Þessum skilyrðum kann einnig að vera fullnægt ef rannsóknamiðstöðin ákveður að gera fleiri samninga um þessi réttindi, meðal annars með því að selja samstarfsaðila sérleyfi á þeim.

<sup>(29)</sup> „Greiðsla sem samsvarar markaðsverði fyrir hugverkaréttindi“ vísar til greiðslu fyrir full efnahagsleg afnot af þeim réttindum. Í samræmi við almennar reglur um ríkisaðstoð, og með hliðsjón til þess hversu torvelt er að ákvarða markaðsverð hugverkaréttinda á hlutlægan hátt, mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að þessu skilyrði sé fullnægt ef rannsóknamiðstöðin stendur að samningum á þann hátt sem seljandi að hún hafi sem mestan ávinning af samningnum um það leyti sem hann er gerður.

<sup>(30)</sup> Þessu ákvæði er ekki ætlað að haggja þeirri skyldu EFTA-ríkjanna að tilkynna vissar ráðstafanir í samræmi við ákvæði bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Evrópska rannsóknasvæðið eða sé stefnumarkandi verkefni fyrir atvinnustarfsemi í Evrópu. Ekki nægir að verkefnið sé unnið á vegum fyrirtækja í mismunandi löndum. Sýna má fram á jákvæð áhrif aðstoðarinnar til að mynda með því að benda á að hún leiði til verulegra smitáhrifa í samfélaginu, að hún stuðli að því að styrkja stöðu Evrópuríkja á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar í alþjóðasambengi, að nýir markaðir verði til eða að ný tækni komi fram. Ávinningur af verkefninu má ekki takmarkast við greinina, sem tengist því beint, heldur eiga niðurstöðurnar að hafa víðari skírskotun og þýðingu fyrir atvinnulífið á EES (aðliggjandi eða fráliggjandi markaði, annars konar notkun í öðrum greinum o.s.frv.).

- 3) Aðstoðin er nauðsynleg til að unnt sé að vinna að settu markmiði á sviði almannahagsmuna og felur í sér hvata til að vinna að verkefninu, sem jafnframt verður að fela í sér verulega áhættu. Til þess að sýna fram á þetta mætti taka mið af því hversu arðvænlegt verkefnið er, hversu mikil fjárfestingin er og hvernig vænta má að sjóðstreymi þróist, eða af hagkvæmniathugunum, áhættumati og álitni sérfræðinga.
- 4) Verkefnið hefur mikla þýðingu þegar horft er til eðlis þess og umfangs: það verður að vera raunhæft, með hliðsjón af settum markmiðum, og umfang þess verður að vera umtalsvert.

Eftirlitsstofnun EFTA mun líta tilkynnt verkefni jákvæðari augum ef það byggist að hluta á verulegu eigin framlagi þess sem nýtur góðs af því. Hið sama á við þegar að verkefninu standa fyrirtæki eða rannsóknastofnanir í umtalsverðum fjölda EES-ríkja.

Til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að meta málið á réttum forsendum verður að rökstyðja að unnið verði að sameiginlegum hagsmunum Evrópuríkja með vísan til raunverulegra dæma: til að mynda verður að sýna fram á að verkefnið muni skila tilteknum markmiðum Evrópusamvinnunnar verulega áleiðis.

## 5. Er aðstoðin samrýmanleg gildandi reglum með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins, ef jafnvægismatið leiðir í ljós að hún muni efla rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarf án þess að hafa svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Eftirlitsstofnun EFTA mun líta jákvæðum augum á tilkynningar um aðstoð sem eru studdar traustu mati á sambærilegum eldri aðstoðarráðstöfunum sem sýnir hvatningaráhrif aðstoðarinnar. Ráðstafanirnar, sem getið er hér á eftir, geta talist samrýmanlegar gildandi reglum með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

### 5.1 Aðstoð til rannsókn- og þróunarverkefna

Aðstoð til rannsókn- og þróunarverkefna telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef fullnægt er skilyrðunum sem lýst er í þessum undirkafla.

#### 5.1.1 Flokkar rannsóknna

Sá hluti rannsóknaverkefnisins, sem er styrktur, verður að falla að öllu leyti undir eina eða fleiri af eftiröldum tegundum rannsókna: grunnrannsóknir, iðnrannsóknir, þróunarstarf.

Til að flokka mismunandi tegundir starfsemi mun Eftirlitsstofnun EFTA byggja á eigin venjum svo og sértækum dæmum og skýringum sem er að finna í svonefndri Frascati-handbók, sem ber fyrirsögnina „Mælingar á vísinda- og tæknistarfi, Tillögur að staðalframkvæmd kannana á rannsóknnum og þróunarstarfi“<sup>(31)</sup>.

Þegar verkefni er skipt í mismunandi verkþætti verður að tilgreina um hvern þátt hvort hann falli undir einhvern flokkanna grunnrannsóknir, iðnrannsóknir eða þróunarstarf eða ekki undir neinn þessara flokka.

<sup>(31)</sup> Efnahags- og framfarastofnunin, 2002.

Í þessu samhengi er ekki nauðsynlegt að láta tímaröð ráða á þann hátt að verkþáttur færist smám saman frá grunnrannsóknnum til starfsemi sem stendur nær markaði. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að Eftirlitsstofnun EFTA flokki verkþátt, sem unnið er að á lokastigum verkefnis, sem iðnrannsóknir, þó að önnur starfsemi, sem unnið er að á fyrri stigum, sé talin til þróunarstarfs eða teljist alls ekki til rannsókna.

### 5.1.2 Grunnadstoðarhlutföll

Aðstoðarhlutfallið, sem er reiknað á grundvelli styrkhæfs kostnaðar við verkefnið, má ekki vera hærra en hér segir:

- a) 100% vegna grunnrannsókna
- b) 50% vegna iðnrannsókna
- c) 25% vegna þróunarstarfs

Reikna ber aðstoðarhlutfall fyrir hvern viðtakanda aðstoðar, einnig þegar um samstarfsverkefni er að ræða.

Þegar um ræðir ríkisaðstoð til rannsókna- eða þróunarverkefnis, sem er unnið í samstarfi rannsóknamiðstöðva og fyrirtækja, má samanlögð fjárhæð aðstoðar, sem rekja má til beins opinbers stuðnings við tiltekið rannsóknaverkefni, og þeirra framlaga rannsóknamiðstöðva til verkefnisins sem teljast aðstoð (sjá undirkafla 3.2) ekki verða hærri en sem nemur gildandi hámarki aðstoðarhlutfalls fyrir hvert fyrirtæki sem nýtur aðstoðar.

### 5.1.3 Styrkaukar

Hámark, sem sett er á aðstoð til iðnrannsókna og þróunarstarfs, má hækka sem hér segir:

- a) Þegar aðstoðin rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða.
- b) Meðan aðstoðarhlutfallið er ekki hærra en 80% má bæta við styrkuka sem nemur 15 prósentustigum ef eitthvað af eftirtöldu á við <sup>(32)</sup>:
  - i) Verkefnið felur í sér eiginlegt samstarf tveggja fyrirtækja hið minnsta sem eru óháð hvort öðru, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:
    - Ekkert eitt fyrirtæki má standa undir hærra hlutfalli styrkhæfs kostnaðar við samstarfsverkefnið en sem nemur 70%.
    - Verkefnið verður að fela í sér samstarf við eitt lítil eða meðalstór fyrirtæki hið minnsta eða ná yfir landamæri, en það merkir að rannsókn- og þróunarstarfsemin fer fram í tveimur mismunandi EES-ríkjum hið minnsta.
  - ii) Verkefnið felur í sér eiginlegt samstarf fyrirtækis og rannsóknamiðstöðvar, einkum í tengslum við samhæfingu á stefnumörkun einstakra ríkja á sviði rannsókna og þróunarstarfs, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:
    - Rannsóknamiðstöðin stendur undir 10% styrkhæfs kostnaðar við verkefnið hið minnsta.
    - Rannsóknamiðstöðin á rétt á að birta niðurstöður rannsóknaverkefnanna að því leyti sem þær má rekja til rannsókna sem fram hafa farið á vegum þeirrar miðstöðvar.
  - iii) Þá og því aðeins að um iðnrannsóknir sé að ræða, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift víða í tengslum við tækni- og vísindaráðstefnur eða þær birtar í vísinda- og tækniritum eða öðrum gagnasöfnum (gagnagrunnum sem hverjum sem vera skal er heimilt að leita í að öðrum rannsóknargögnum) eða með fjálsömum eða öðrum hugbúnaði.

<sup>(32)</sup> Verkefni, sem eru fjármögnuð í samræmi við rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni, eiga sjálfkrafa rétt á styrkuka vegna samstarfs í krafti lágmarksskilyrða fyrir þátttöku í slíkum verkefnum.

Að því er varðar lið i) og ii) telst undirverktaka ekki eiginlegt samstarf. Þegar um ræðir samstarf milli fyrirtækis og rannsóknamiðstöðvar gilda reglur um hæsta leyfilega aðstoðarhlutfall og styrkuka, sem fram koma í þessum kafla, ekki um rannsóknamiðstöðina.

Tafla með yfirliti um aðstoðarhlutföll

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórfyrirtæki
<i>Grunnrannsóknir</i>	100 %	100 %	100 %
<i>Iðnrannsóknir</i>	70 %	60 %	50 %
<i>Iðnrannsóknir</i> sem byggjast á:			
– samstarfi fyrirtækja; þegar um ræðir stórfyrirtæki: samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta	80 %	75 %	65 %
eða			
– samstarfi fyrirtækis og rannsóknamiðstöðvar			
eða			
– dreifingu niðurstaðna			
<i>Þróunarstarf</i>	45 %	35 %	25 %
<i>Þróunarstarf</i> sem byggist á:			
– samstarfi fyrirtækja; þegar um ræðir stórfyrirtæki: samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta	60 %	50 %	40 %
eða			
– samstarfi fyrirtækis og rannsóknamiðstöðvar			

#### 5.1.4 Styrkhæfur kostnaður

Við útreikning aðstoðarhlutfallsins verður byggt á kostnaði við rannsóknaverkefnið að því leyti sem sá kostnaður telst styrkhæfur. Allan styrkhæfan kostnað verður að telja til ákveðins flokks rannsókna og þróunarstarfs.

Eftirtalinn kostnaður er styrkhæfur:

- starfsmannakostnaður (vísindamenn, tæknimenn og annað stoðfólk að því leyti sem það vinnur í tengslum við rannsóknaverkefnið).
- Kostnaður við tæki og búnað að því leyti, og á því tímabili, sem slíkt er notað í rannsóknaverkefninu. Sé ekki notað að fullu út úr slíkum tækjum og búnaði í rannsóknaverkefninu teljast aðeins til styrkhæfs kostnaðar afskriftir sem svara til þess tíma sem rannsóknaverkefnið stóð, og skal útreikningur á þeim miðast við góðar bókhaldsvenjur.
- Kostnaður við húsnæði og lóðir að því leyti, og á því tímabili, sem slíkt er notað í rannsóknaverkefninu. Að því er varðar húsnæði teljast aðeins til styrkhæfs kostnaðar afskriftir fyrir tímabilið sem rannsóknaverkefnið stóð, og skal útreikningur á þeim miðast við góðar bókhaldsvenjur. Að því er varðar lóðir er kostnaður við eigendaskipti svo og fjármagnskostnaður, sem greiddur er í raun, styrkhæfur kostnaður.
- Kostnaður við aðkeyptar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi sem keypt eru, eða keypt eru sérleyfi fyrir, af utanaðkomandi aðilum á markaðsverði, enda fari viðskiptin fram milli óskyldra aðila og án samráðs þeirra í milli, svo og kostnaður við kaup á ráðgjöf og annarri sambærilegri þjónustu sem er eingöngu nýtt í tengslum við rannsóknastarfið.
- Aukinn óbeinn kostnaður sem fellur til sem bein afleiðing af rannsóknaverkefninu.
- Annar rekstrarkostnaður, meðal annars kaup á efni, rekstrarvörum og áþekktum vörum, sem fellur til sem bein afleiðing af rannsóknastarfinu.

### 5.1.5 Lán

Ef EFTA-ríki veitir lán sem telst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gilda reglurnar sem hér fara á eftir.

Geti EFTA-ríki sýnt fram á það, með því að beita gildum aðferðum á grundvelli nægilegra sannreynanlegra gagna, að unnt sé að reikna út vergt styrkígildi aðstoðar af þessu tagi, sem er veitt sem lán, og setja þannig upp kerfi þar sem þetta verga styrkígildi fullnægir skilyrðum um hæsta leyfilega aðstoðarhlutfall samkvæmt þessum undirkafla, er heimilt að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA það kerfi og aðferðirnar sem það er byggt á. Ef stofnunin fellst á aðferðirnar og telur kerfið samrýmanlegt gildandi reglum er heimilt að veita aðstoðina þannig að byggt sé á vergu styrkígildi láns allt að leyfilegu aðstoðarhlutfalli samkvæmt þessum undirkafla.

Í öllum öðrum tilvikum er lánið tilgreint sem hundraðshluti af styrkhæfum kostnaði; það má þá vera hærra en sem nemur þeim hlutföllum sem tilgreind eru í þessum undirkafla, að því tilskildu að fylgt sé reglunum sem hér fara á eftir.

Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið ráðstöfunina verða að fylgja henni skýr ákvæði um endurgreiðslu láns þegar verkefni skilar góðum árangri og skilgreina ber nákvæmlega hver niðurstaða rannsóknastarfs þarf að vera til að hún teljist góður árangur. Öll þessi atriði verður að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA. Stofnunin mun taka til athugunar hvort byggt hafi verið á byggist á eðlilegum og varfærnislegum forsendum við skilgreiningu á því hvað telst góður árangur.

Ef góður árangur næst verður ráðstöfunin að fela í sér ákvæði þess efnis að lánið skuli endurgreitt með vöxtum sem eru eigi lægri en gildandi vextir samkvæmt ákvæðum 34. kafla í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, Viðmiðunar- og afreiknivextir og vextir sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu á ólögumatri ríkisaðstoð<sup>(33)</sup>.

Reynist árangurinn betri en sú niðurstaða sem er skilgreind sem góður árangur skal hlutaðeigandi EFTA-ríki heimilt að fara fram á greiðslur umfram endurgreiðslu á lánsfjárhæðinni að viðbættum vöxtum sem eru reiknaðir samkvæmt viðmiðunarvöxtum Eftirlitsstofnunar EFTA.

Reynist árangur af verkefninu lítill sem enginn þarf ekki að endurgreiða lánið að fullu. Ef verkefnið er árangursríkt að hluta til mun Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði krefjast þess að tryggð sé endurgreiðsla í réttu hlutfalli við árangurinn.

Lánið getur numið allt að 40% af styrkhæfum kostnaði við þróunarhluta verkefnisins og allt að 60% af kostnaði við iðnrannsóknahlutann, en við þetta geta bæst styrk aukar.

### 5.1.6 Skattaráðstafanir

Að teknu tilliti til matsupplýsinga<sup>(34)</sup>, sem EFTA-ríkin leggja fram í tengslum við tilkynninguna, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka mið af því að skattaráðstafanir til stuðnings rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun hafa hvatningaráhrif sem eru fölgín í því að þær örva fyrirtæki til þess að leggja fé í slíka starfsemi.

Aðstoðarhlutfall skattaráðstöfunar til stuðnings rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun má reikna annaðhvort á grundvelli einstakra verkefna á þessu sviði eða, þegar lítið er til heils fyrirtækis, sem hlutfallið milli heildarfjárhæðar veitts skattafsláttar og samtölu styrkhæfs kostnaðar við rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun sem til hefur fallið á tímabili sem má lengst taka til þriggja fjárlagaára í röð. Í síðarnefnda tilvikinu má láta skattaráðstöfunina taka til hvers kyns styrkhæfrar rannsóknar-, þróunar- eða nýsköpunarstarfsemi; ef það er gert má aðstoðarhlutfall vegna þróunarstarfsemi ekki verða hærra en sem nemur gildandi hámarki<sup>(35)</sup>.

<sup>(33)</sup> Ákvæði 34. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð samsvara tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um aðferð til útreiknings á viðmiðunar- og afreiknivöxtum (Stjtið. EB C 273, 9.9.1997, bls. 3). Einnig birt hér: [http://ec.europa.eu/comm/competition/state\\_aid/legislation/reference.html](http://ec.europa.eu/comm/competition/state_aid/legislation/reference.html).

<sup>(34)</sup> Þess er vænst að EFTA-ríkin leggi fram matsupplýsingar um hvatningaráhrif þeirra skattaráðstafana sem þau gera hvert um sig.

<sup>(35)</sup> Ef gerður er munur í skattaráðstöfun til stuðnings rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun á ólíkum flokkum rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar er aftur á móti er skylt að virða hæsta leyfilegt aðstoðarhlutfall.

Þegar ráðstöfunin er tilkynnt verður EFTA-ríkið að leggja fram tölur um áætlaðan fjölda aðstoðarþega.

#### 5.1.7 *Jöfnunarákvæði*

Til þess að bregðast við beinni eða óbeinni röskun á milliríkjavíðskiptum, raunverulegri eða hugsanlegri, má leyfa herra aðstoðarhlutfall en heimilt er að jafnaði að nota samkvæmt þessum undirkafla ef keppinautar, sem starfa utan landsvæðisins sem EES-samningurinn tekur til, hafa notið (næstliðin þrjú ár) eða munu njóta – beint eða óbeint – aðstoðar samkvæmt jafnháu aðstoðarhlutfalli vegna sambærilegra verkefna, áætlana, rannsókna, þróunarstarfs eða tæknistarfssemi. Heimilt er þó að lengja viðmiðunartímabilið sé ástæða til að ætla, með hliðsjón af eðli viðkomandi atvinnugreinar, að röskun á milliríkjavíðskiptum komi fram eftir lengri tíma en þrjú ár.

Ef þess er nokkur kostur skal hlutaðeigandi EFTA-ríki útvega Eftirlitsstofnun EFTA nægilegar upplýsingar til að hún geti metið aðstæður, einkum hvort nauðsynlegt sé að taka tillit til samkeppnisyfriburða keppinautar í landi utan EES. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki undir höndum gögn um aðstoð, sem veitt hefur verið eða áformað er að veita, getur hún einnig byggt ákvörðun sína á líkum.

#### 5.2 *Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana*

Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana, sem gerðar eru til undirbúnings iðnrannsóknum eða þróunarstarfs, telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins að því tilskildu að aðstoðarhlutfall, sem er reiknað á grundvelli kostnaðar við athuganirnar, verði ekki herra en sem hér segir:

- a) Í litlum og meðalstórum fyrirtækjum 75% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings iðnrannsóknum og 50% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings þróunarstarfi.
- b) Í stórfyrirtækjum 65% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings iðnrannsóknum og 40% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings þróunarstarfi.

#### 5.3 *Aðstoð við litil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar*

Ríkisaðstoð, sem litlum og meðalstórum fyrirtækjum er veitt vegna kostnaðar við skráningu og gildingu einkaleyfa og annarra hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins, enda samsvari aðstoðin því sem heimilt hefði verið að veita sem rannsókna- og þróunaraðstoð í tengslum við rannsóknastarfið sem leiddi af sér hugverkaréttindin í upphafi.

Til styrkhæfs kostnaðar telst:

- a) allur kostnaður sem til fellur áður en réttindin fást fyrst í einhverri lögsögu, meðal annars kostnaður af því að undirbúa, leggja fram og framfylgja umsókn auk kostnaðar af endurnýjun umsóknar áður en réttindin hafa verið veitt,
- b) þýðingakostnaður og annar kostnaður sem fellur til í tengslum við skráningu eða gildingu réttindanna í öðrum lögsagnarumdæmum,
- c) kostnaður sem fylgir því að verja réttindin meðan þau eru til opinberrar skoðunar og gegn hugsanlegum andmælum, jafnvel þótt slíkur kostnaður falli til eftir að réttindin eru veitt.

#### 5.4 *Aðstoð við ung sprotafyrirtæki*

Aðstoð við ung sprotafyrirtæki telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt <sup>(36)</sup>:

- a) Aðstoðarþegi er lítið fyrirtæki sem hefur starfað skemur en í sex ár um það leyti sem aðstoðin er veitt.
- b) Aðstoðarþegi er sprotafyrirtæki, en það merkir:

<sup>(36)</sup> Hér er gerður fyrirvari um beitingu ákvæðanna í kafla 25B, Landsbundin byggðaaðstoð 2007–2013, sem samsvarar leiðbeiningum Evrópubandalagsins um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 (Stjtið. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13).

- i) að EFTA-ríkið getur sýnt, með vísan til mats á vegum óháðs sérfræðings sem einkum skal byggt á viðskiptaáætlun, að aðstoðarþegi muni í fyrirsjáanlegri framtíð þróa vörur, þjónustu eða framleiðsluferla sem fela í sér tæknilegt nýnæmi eða veigamiklar endurbætur í samburði við það sem almennt gerist í sömu atvinnugrein á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa í för með sér tæknilega eða rekstrarlega áhættu, eða
- ii) að kostnaður aðstoðarþega við rannsóknir og þróunarstarf hafi numið að minnsta kosti 15 % af heildarrekstrarútgjöldum hans að minnsta kosti eitt ár af næstu þremur áður en aðstoðin var veitt eða, þegar um ræðir nýtt fyrirtæki án nokkurrar fjármálalegrar sögu, samkvæmt vottorði óháðs endurskoðanda.
- c) Aðstoðin er ekki meiri en sem nemur 1 milljón evra. Aðstoðin má ekki vera meiri en sem nemur 1,25 milljónum evra á svæðum sem geta notið undanþágu samkvæmt staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Aðeins má veita aðstoðarþega aðstoð einu sinni á því tímabili sem hann fullnægir skilyrðum fyrir því að teljast ungt sprotafyrirtæki. Við slíka aðstoð getur bæst önnur aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa kafla, aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar sem nýtur undanþágu samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 364/2004, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1f í XV. viðauka, eða reglugerð sem kann að koma í stað hennar, og aðstoð sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir í samræmi við leiðbeiningarnar um áhættufjármögnun.

Enga ríkisaðstoð má veita aðstoðarþega, aðra en aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar og aðstoð vegna áhættufjármögnunar, fyrr en þrjú ár er liðin frá því að hann fékk aðstoð sem ungt sprotafyrirtæki.

#### 5.5 *Aðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfsemi*

Nýsköpun á sviði þjónustustarfsemi kann stundum að falla utan þeirra flokka rannsókna sem tilgreindir eru í undirkafla 5.1; hún er yfirleitt minna kerfisbundin og oft má rekja hana til samskipta við viðskiptamenn, eftirspurnar á markaði, upptöku rekstrar- og skipulagstengdra kerfa og venja sem mótast hafa í öðrum og meira nýskapandi greinum, eða annarra svipaðra þátta.

Ríkisaðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfsemi telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins á þann hátt að hæsta leyfilega aðstoðarhlutfall er 15 % fyrir stórfyrirtæki, 25 % fyrir meðalstór fyrirtæki og 35 % fyrir lítil fyrirtæki. Stórfyrirtæki eiga því aðeins rétt á slíkri aðstoð að þau eigi samstarf við lítil eða meðalstór fyrirtæki í tengslum við starfsemina sem er styrkt og verða hin síðarnefndu þá að bera að minnsta kosti 30 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Ríkisaðstoð má ekki veita vegna venjubundinna eða reglulegra breytinga sem gerðar eru á vörum, framleiðslutækjum, framleiðsluferlum, þjónustu sem þegar er í boði og annarri yfirstandandi starfsemi, jafnvel þótt slíkar breytingar kunni að fela í sér endurbætur.

Fullnægja ber eftirtöldum skilyrðum:

- a) Skipulagstengd nýsköpun verður jafnan að felast í því upplýsinga- og fjarskiptatækni sé nýtt til að breyta skipulaginu.
- b) Gera ber grein fyrir nýsköpuninni sem verkefni sem stýrt er af nafngreindum og hæfum verkefnisstjóra og tilgreina verkefniskostnað.
- c) Verkefnið, sem er styrkt, verður að stefna að niðurstöðu sem felst í því að þróa staðal, rekstrarlíkan, aðferðafræði eða framleiðsluhugmynd sem unnt er að yfirfæra á kerfisbundinn hátt og hugsanlegt er að fá fyrir vottun eða einkaleyfi.
- d) Framleiðsluferillinn eða skipulagstengda nýsköpunin verður að fela í sér nýnæmi eða veigamiklar endurbætur í samburði við það sem almennt gerist í sömu atvinnugrein á Evrópska efnahagssvæðinu. Til þess að sýna fram á nýnæmi geta EFTA-ríkin til að mynda byggt á nákvæmri lýsingu á nýjunginni ásamt samburði við það sem almennt gerist í sömu atvinnugrein eða skipulagsaðferðir sem notaðar eru í öðrum fyrirtækjum í greininni.

- e) Verkefni, sem unnið er á sviði aðferðar- eða skipulagstengdrar nýsköpunar, verður að fela í sér greinilega áhættu. Til þess að sýna fram á áhættuna getur EFTA-ríkið til að mynda vísað til þess hvað verkefnið muni kosta í samanburði við veltu fyrirtækisins, hversu langan tíma muni taka að þróa nýjan framleiðsluferil, hvaða ávinnings er að vænta af nýsköpuninni í samanburði við kostnað við verkefnið, hvaða líkur eru á að verkefnið verði árangurslaust.

Styrkhæfur kostnaður er hinn sami og í tengslum við rannsókn- og þróunarverkefni (sbr. undirkafla 5.1). Þegar um ræðir skipulagstengda nýsköpun telst þó aðeins kostnaður við tölvu- og fjarskiptabúnað til kostnaðar við tæki og búnað.

#### 5.6 *Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar*

Ríkisaðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- 1) Aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki.
- 2) Aðstoðin er ekki meiri en sem nemur EUR 200 000 til hvers viðtakanda á hverju þriggja ára tímabili <sup>(37)</sup>.
- 3) Seljandi þjónustunnar hefur fengið landsvottun eða Evrópuvottun Ef seljandi þjónustunnar hefur ekki fengið landsvottun eða Evrópuvottun má aðstoðin ekki taka til herra hlutfalls en 75 % af styrkhæfum kostnaði.
- 4) Aðstoðarþeginn verður að nýta aðstoðina til kaupa á þjónustu á markaðsverði (eða á verði sem samsvarar öllum kostnaði við hana að viðbættum hæfilegum hagnaði, þegar seljandi þjónustunnar rekur starfsemi sína ekki í hagnaðarskyni).

Eftirtalinn kostnaður er styrkhæfur:

- Í tengslum við ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar kostnaður við eftirtalið: rekstrarráðgjöf, tækniástoð, þjónustu á sviði miðlunar tækniþekkingar, fræðslustarf, ráðgjöf að því er varðar kaup, verndun og viðskipti á sviði hugverkaréttinda og í tengslum við sérleyfissamninga, ráðgjöf um notkun staðla.
- Í tengslum við stoðþjónustu á sviði nýsköpunar kostnaður við eftirtalið: skrifstofurými, gagna-banka, söfn tæknihandbóka, markaðsrannsóknir, notkun rannsóknastofa, gæðamerkingar, prófun og vottun.

Ef seljandi þjónustunnar rekur starfsemi sína ekki í hagnaðarskyni er heimilt að veita aðstoðina með afslætti af verði og er hún þá fölginn í mismuninum á greiddu verði og markaðsverði (eða verði sem samsvarar öllum kostnaði við þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði). Í slíkum tilvikum skulu EFTA-ríkin koma á fót kerfi til þess að tryggja gagnsæi að því er varðar heildarkostnað við veitta ráðgjafar- og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar, svo og verðið sem viðtakandi aðstoðarinnar greiðir, þannig að unnt sé að koma við mælingu og vöktun á aðstoðinni.

#### 5.7 *Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni*

Ríkisaðstoð til að gera litlu eða meðalstóru fyrirtæki kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni frá rannsóknamiðstöð eða stórfyrirtæki telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

Útsendir starfsmenn mega ekki koma í stað annars starfsfólks, heldur verður að ráða þá í ný störf í fyrirtækinu sem nýtur aðstoðarinnar og þeir verða að hafa starfað um tveggja ára skeið að minnsta kosti í rannsóknamiðstöðinni eða stórfyrirtækinu sem sendir þá út. Útsendu starfsmennirnir verða að sinna rannsóknum, þróunarstarfi eða nýsköpun í því litla eða meðalstóra fyrirtæki sem nýtur aðstoðarinnar.

Undir styrkhæfan kostnað fellur allur kostnaður við að fá að láni og hafa í vinnu sérfræðimenntað starfsfólk, að meðtöldum greiðslum til ráðningarstofu, auk staðaruppbótar sem greidd er útsendu

<sup>(37)</sup> Með fyrirvara um að hugsanlegt er að einnig verði veitt minniháttarástoð vegna annars styrkhæfs kostnaðar.



starfsmönnum. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en 50 % af styrkhæfum kostnaði um lengst þriggja ára skeið í hverju fyrirtæki og á hvern starfsmann sem fenginn er að láni.

Ekki er heimilt samkvæmt þessu ákvæði að láta aðstoðina taka til ráðgjafarkostnaðar (þ.e. greiðslna fyrir þjónustu sérfræðings sem er ekki ráðinn til fyrirtækisins) sem slíks, en slíkur kostnaður fellur undir reglur um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki <sup>(38)</sup>.

### 5.8 *Aðstoð við nýsköpunarklasa*

**Fjárfestingaraðstoð** til að stofna, stækka og efla nýsköpunarklasa má eingöngu veita lögaðilanum sem stendur að rekstri nýsköpunarklasans. Sá lögaðili verður að hafa umsjón með þátttöku í klasanum og afnotum af húsakynnum, aðstöðu og starfsemi klasans. Afnot af húsakynnum, aðstöðu og starfsemi klasans verða að vera óheft og gjald, sem tekið er fyrir notkun aðstöðunnar og þátttöku í starfsemi klasans, verður að vera í samræmi við útlagðan kostnað.

Aðstoð af þessu tagi má veita vegna aðstöðu af eftirfarandi tagi:

- aðstöðu í fræðslu- og rannsóknamiðstöð,
- rannsóknmiðstöðu til frjálsra afnota: rannsóknastofu, prófunaraðstöðu,
- grunnvirkja fyrir breiðbandsnet.

Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en 15 %.

Þegar aðstoðin rennur til lítils eða meðalstórs fyrirtækis skal hækka hámarkin um sem nemur 20 prósentustigum vegna aðstoðar við smáfyrirtæki og 10 prósentustigum vegna aðstoðar við meðalstórt fyrirtæki.

Styrkhæfur kostnaður er kostnaður við fjárfestingu í lóðum, húsnæði, vélum og búnaði.

**Rekstraraðstoð til að efla starfsemi klasa** má eingöngu veita lögaðilanum sem stendur að rekstri nýsköpunarklasans. Slík aðstoð má aðeins veita tímabundið og fylgt skal þeirri reglu að hún sé afnumin þegar fram í sækir, þannig að fyrir hendi sé hvatning til að láta verð endurspegla kostnað hæfilega fljótt.

Aðstoð af þessu tagi má veita um allt að fimm ára skeið að því tilskildu að hún fari stigminnkandi. Aðstoðarhlutfallið má vera 100% á fyrsta ári en verður að lækka jafnt og þétt og vera komið niður í núll í lok fimmta ársins. Sé aðstoðin ekki látin fara stigminnkandi verður hún að takmarkast við fimm ár og aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en sem nemur 50 % af styrkhæfum kostnaði. Þegar sérstaklega stendur á má að fengnum sannfærandi upplýsingum frá EFTA-ríkinu, sem tilkynnir aðstoðina, veita aðstoð til að efla starfsemi klasa um lengra skeið, þó ekki lengur en í tíu ár.

Til styrkhæfs kostnaðar telst starfsmannakostnaður og umsýslukostnaður sem tengist beint eftirtalinni starfsemi:

- kynningu á klasanum í því skyni að fá ný fyrirtæki til þátttöku,
- rekstri aðstöðu með frjálsum aðgangi á vegum klasans,
- skipulagningu fræðsluáætlana, vinnufunda og ráðstefna í því skyni að efla þekkingarmiðlun og tengslamyndun milli þeirra sem eiga aðild að klasanum.

Þegar EFTA-ríkið tilkynnir um fjárfestingaraðstoð eða aðstoð til að efla starfsemi klasa verður það að leggja fram greiningu á tæknilegri sérhæfingu nýsköpunarklasans, uppbyggingarkostum á svæðinu, rannsóknargetu sem er fyrir hendi, öðrum klösum sem eru starfandi á landsvæðinu sem EES-samningurinn tekur til og sinna svipuðu hlutverki, og hugsanlegt umfang sölu á markaði í tengslum við starfsemi klasans.

<sup>(38)</sup> Sem stendur liður 1f í XV. viðauka við EES-samninginn.

Tilvik, þar sem EFTA-ríkin fjármagna nýsköpunaraðstöðu sem boðin verður til fjálsra afnota á vegum rannsóknamiðstöðva sem reka starfsemi sína ekki í hagnaðarskygni, skulu metin samkvæmt ákvæðum undirkafla 3.1.

## 6. Hefur aðstoðin hvatningaráhrif og er hún nauðsynleg?

Ríkisaðstoð verður að hafa hvatningaráhrif, þ.e. hún verður að leiða til þess að viðtakandinn breyti hegðun sinni á þann hátt að hann auki framlög til rannsókna, þróunar eða nýsköpunar. Aðstoðin á að leiða til aukningar að því er varðar umfang, fjölbreytileika, fjárveitingu eða hraða rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarstarfsins.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að aðstoðinni fylgi engin hvatningaráhrif í þeim tilvikum þar sem rannsókna-, þróunar- eða nýsköpunarstarfsemi<sup>(39)</sup> var hafin áður en viðtakandi sótti um aðstoð til stjórnvalda í landinu.

Ef vinna við rannsókna-, þróunar- eða nýsköpunarverkefnið, sem er styrkt, er ekki hafin áður en umsókn er lögð fram lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hvatningaráhrif teljist vera fyrir hendi **sjálfkrafa** að því er varðar eftirtaldar aðstoðarráðstafanir:

- Aðstoð til einstakra verkefna og hagkvæmnikannana þar sem aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og greiðsla vegna einstaks verkefnis hjá hverju fyrirtæki er lægri en sem nemur 7,5 milljónum EUR
- Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar
- Aðstoð við ung sprotafyrirtæki
- Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar
- Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimentnað starfsfólk að láni

Að því er varðar allar aðrar ráðstafanir<sup>(40)</sup> mun Eftirlitsstofnun EFTA krefjast þess að EFTA-ríkin, sem tilkynna aðstoð, rökstyðji að hvatningaráhrif muni komi fram.

Til þess að ganga megi úr skugga um að hin fyrirhugaða aðstoð hvetji aðstoðarþegann til að breyta hegðun sinni þannig að hann auki framlög til rannsókna, þróunar eða nýsköpunar. skulu EFTA-ríkin leggja fram fyrirframmat á áhrifum aukinnar rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarstarfsemi **með tilliti til hverrar einstakrar ráðstöfunar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til athugunar** á grundvelli samanburðar á niðurstöðu eftir því hvort aðstoð er veitt eða ekki. Notast má við eftirtalin viðmið, auk annarra magnbundinna og/eða eigindlegra atriða sem nefnd hafa verið af hálfu EFTA-ríkisins sem sendi tilkynninguna:

- *Aukin stærð verkefnis:* aukinn heildarkostnaður við verkefnið (án þess að viðtakandi aðstoðarinnar dragi úr útgöldum frá því sem verið hefði ef aðstoð hefði ekki verið veitt); fjölgun í hópi þeirra sem sinna rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun.
- *Aukið umfang verkefnis:* Fjölgun áætlaðra starfsáfangna í tengslum við verkefnið; markið sett hærra á þann hátt að meiri líkur séu á vísindalegum eða tæknilegum straumhvörfum eða að meiri hættu er á að verkefnið skili litlum árangri (einkum með tilliti til þess að meiri áhætta sé tekin með rannsóknaverkefninu, að framkvæmdatími verkefnisins sé langur og að óvissa ríki um niðurstöðurnar).
- *Aukinn hraði:* Ljúka má verkefninu á styttri tíma en verið hefði ef engin aðstoð hefði komið til.
- *Aukin heildarútgjöld til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar:* aukin heildarútgjöld aðstoðarþega til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar; auknar fjárveitingar til verkefnisins (án samsvarandi lækkunar á fjárveitingum til annarra verkefna); aukin útgjöld viðtakanda aðstoðarinnar til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar sem hlutfall af heildarveltu.

<sup>(39)</sup> Þó að aðstoðaráformin varði aðstoð til rannsókna-, þróunar- eða nýsköpunarverkefnis útilokar það ekki að hugsanlegur aðstoðarþegi hafi þegar gert hagkvæmniathuganir sem beiðnin um ríkisaðstoð tekur ekki til.

<sup>(40)</sup> Þ.e. verkefnisaðstoð sem rennur til stórfyrirtækja, svo og til lítilla og meðalstórra fyrirtækja þegar aðstoðargreiðslan er hærri en 7,5 milljónir evra, aðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfsemi og aðstoð við nýsköpunarklasa.

Ef unnt er að sýna fram á veruleg áhrif á að minnsta kosti einn þessara þátta, að teknu tilliti til venjulegrar hegðunar fyrirtækis í viðkomandi grein, mun Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði draga þá ályktun að áformuð aðstoð hafi hvatningaráhrif.

Ef Eftirlitsstofnun EFTA ákveður að fram skuli fara **ítarlegt mat** á tiltekinni ráðstöfun er hugsanlegt að ofangreindir þættir teljist ekki fullnægjandi vísbending um að hvatningaráhrif muni koma fram, og getur þá hugsast að stofnunin þurfi frekari gögn.

Við **mat á aðstoðaráætlun** skal skilyrðum, sem sett eru fyrir því að hvatningaráhrif teljist vera fyrir hendi, teljast fullnægt ef EFTA-ríkið hefur skuldbundið sig til að veita ekki séraðstoð samkvæmt hinni samþykktu aðstoðaráætlun fyrir en sannreynt hefur verið að hvatningaráhrif séu fyrir hendi og til að leggja fram árlega skýrslu um framkvæmd aðstoðaráætlunarinnar. EFTA-ríkið verður að sýna í árlegu skýrslunni hvernig staðið hefur verið að mati á hvatningaráhrifum, áður en aðstoð var veitt, með vísan til ofangreindra magnbundinna og eigindlegra þátta.

## 7 Samrýmist aðstoð, sem tekin er til ítarlegs mats, gildandi reglum?

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að efling rannsóknna, þróunarstarfs og nýsköpunar á landsvæðinu, sem EES-samningurinn tekur til, sé í þágu almannahagsmuna þar eð þess er að vænta að hún geti stuðlað verulega að hagvexti, aukinni hagsæld og sjálfbærri þróun. Í þessu tilliti bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að ríkisaðstoð gegnir jákvæðu hlutverki þegar hún er markviss og hefur rétt hvatningaráhrif á fyrirtæki til að auka rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Ríkisaðstoð getur þó einnig leitt til umtalsverðrar samkeppnisröskunar og er nauðsynlegt að taka mið af því.

### 7.1 Ráðstafanir sem teknar eru til ítarlegs mats

Neðangreindar ráðstafanir fela í sér aukna hættu á samkeppnisröskun og verða því teknar til ítarlegra mats hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

*Ráðstafanir sem falla undir reglugerð um hópundanþágu*

- Í öllum málum sem eru tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við **skyldu til að tilkynna hverja aðstoðarráðstöfun sérstaklega** samkvæmt ákvæðum hópundanþágureglugerðarinnar

*Ráðstafanir sem falla undir ákvæði þessa kafla*

Þegar aðstoðarfjárhæðin er hærri en hér er greint:

- Þegar um ræðir **verkefnastyrki** <sup>(41)</sup> og **tæknilegar hagkvæmniathuganir**:
- EUR 20 milljónir í hverju fyrirtæki, á hvert verkefni/hagkvæmniathugun, ef verkefnið varðar fyrst og fremst grunnrannsóknir <sup>(42)</sup>,
- EUR 10 milljónir í hverju fyrirtæki, á hvert verkefni/hagkvæmniathugun, ef verkefnið varðar fyrst og fremst iðnrannsóknir <sup>(43)</sup>,
- EUR 7,5 milljónir í hverju fyrirtæki, á hvert verkefni/hagkvæmniathugun, í öllum öðrum tilvikum.
- Þegar um ræðir **feril- eða skipulagstengda nýsköpun** á sviði þjónustustarfsemi: EUR 5 milljónir á hvert verkefni í hverju fyrirtæki.
- Þegar um ræðir **nýsköpunarklasa**: EUR 5 milljónir (á hvern klasa).

Markmið ítarlegs mats af þessu tagi er að tryggja að háar aðstoðarfjárhæðir, sem renna til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, raski ekki samkeppni svo mjög að stríði gegn almannahagsmunum, heldur þjóni einmitt þeim hagsmunum. Þetta gerist þegar ávinningur af ríkisaðstoð, sem er fölginn í auknu rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarfi, vegur þyngra en skaði á samkeppni og viðskiptum.

<sup>(41)</sup> Að því er verðar EUREKA-verkefni er hámarkið helmingi hærra.

<sup>(42)</sup> Verkefni telst varða grunnrannsóknir „fyrst og fremst“ ef meira en helmingur styrkhæfs kostnaðar við verkefnið fellur til vegna starfsemi sem telst til grunnrannsókna.

<sup>(43)</sup> Verkefni telst varða iðnrannsóknir „fyrst og fremst“ ef meira en helmingur styrkhæfs kostnaðar við verkefnið fellur til vegna starfsemi sem telst til iðnrannsókna eða grunnrannsókna.

Ítarlegt mat er framkvæmt sem hlutfallslegt mat, þ.e. því er hagað eftir því hversu líklegt er að röskun hljótist af í viðkomandi máli. Í samræmi við merkir sú staðreynd að ítarlegt mat fari fram ekki nauðsynlega að hefja þurfi formlega rannsókn, þótt hennar kunnir að vera þörf að því er sumar ráðstafanir varðar.

Að því tilskildu að EFTA-ríkin tryggji fullt samstarf og leggi tímanlega fram fullnægjandi upplýsingar mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast við af fremsta megni að ljúka rannsókninni tímanlega.

### 7.2 *Aðferðir sem notaðar eru við ítarlegt mat: viðmið er lúta að rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun og notuð eru við efnahagslegt mat á tilteknum einstökum málum*

Hér fer á eftir leiðarvísir Eftirlitsstofnunar EFTA um það hvaða upplýsingar hún getur þurft á að halda og þær aðferðir sem hún mun beita í tengslum við ráðstafanir sem teknar eru til ítarlegs mats. Leiðarvísinum er ætlað að gera ákvarðanir stofnunarinnar og röksemdir fyrir þeim gagnsæjar og fyrirsjáanlegar og gera þannig auðveldara að sjá gerðir stofnunarinnar fyrir og auka réttarvissu.

Ítarlegt mat verður byggt á eftirtöldum jákvæðum og neikvæðum atriðum sem koma til viðbótar viðmiðunum sem lýst er í 5. undirkafla. Hvort þessi atriði eiga við, og hversu mikið vægi þeim er gefið, getur í sumum tilvikum ráðist af því hvaða aðstoðarform er notað og hvert markmið aðstoðarinnar er. Eftirlitsstofnun EFTA mun takast á hendur mat í réttu hlutfalli við hættuna á samkeppnisröskun. Þetta merkir að umfang matsins fer eftir eðli viðkomandi máls. Þannig eru minni líkur á að mjög ítarleg skoðun fari fram á ríkisaðstoð sem veitt er vegna starfsemi sem liggur fjarri markaði.

EFTA-ríkjunum er bent á að leggja fram upplýsingar um hvert það atriði sem þau telja að gæti nýst við mat á málinu. EFTA-ríkjunum er einkum bent á að styðjast má við mat á eldri áætlunum eða ráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar, mat yfirvaldsins sem veitir heimild fyrir aðstoðinni á áhrifum hennar, áhættumat, fjárhagsskýrslur, innri viðskiptaáætlanir sem sérhvert fyrirtæki ætti að koma sér upp í tengslum við mikilvæg verkefni, sérfræðiálit og aðrar athuganir sem varða rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

### 7.3 *Positive effects of the aid*

Sú staðreynd að aðstoðin stuðlar að því að fyrirtæki á landsvæðinu, sem EES-samningurinn tekur til, vinni að rannsóknum, þróun og nýsköpun sem ella hefði ekki farið fram er helsta jákvæða atriðið sem líta ber til við mat á því hvort aðstoðin samrýmist gildandi reglum.

Í þessu tilliti mun Eftirlitsstofnun EFTA einkum hafa hliðsjón af eftirtöldum atriðum:

- hversu mikil hrein aukning verður á rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun hjá fyrirtækinu,
- að hvaða leyti ráðstöfunin stuðlar að betra ástandi í viðkomandi atvinnugrein í heild að því er varðar framlög til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar,
- að hvaða leyti ráðstöfunin stuðlar að bættri stöðu á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til að því er varðar rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun í alþjóðasamhengi.

#### 7.3.1 *Er markaðsbrestur fyrir hendi?*

Eins og bent er á í 1. undirkafla getur reynt nauðsynlegt að veita ríkisaðstoð í því skyni að auka framlög atvinnulífsins til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, en þó aðeins að því marki sem æskileg staða næst ekki fyrir tilstuðlan markaðarins sjálfs. Fyrir liggur að vissir markaðsbrestir halda aftur af heildarfjárfestingu í rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til. Hins vegar snerta þessir markaðsbrestir ekki öll fyrirtæki og allar atvinnugreinar jafnt. Þegar kemur að ráðstöfunum, sem teknar eru til ítarlegs mats, ber EFTA-ríkinu að leggja fram fullnægjandi upplýsingar sem sýna hvort aðstoðin beinist að almennum markaðsbresti á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til, eða sértækum markaðsbresti.

Eftir því hver hinn tiltekni sértæki markaðsbrestur er mun Eftirlitsstofnun EFTA hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar:

- **Bekkingarsmit:** Hvað gert er ráð fyrir mikilli upplýsingamiðlun; hversu sértæk hin nýfengna þekking er; hvaða tók eru á að vernda hugverkaréttindi
- **Ófullnægjandi og ójafn aðgangur að upplýsingum:** hversu mikil áhætta er tekin og hversu flókin rannsóknavinnan er; þörfin á ytri fjármögnun; hvaða tók aðstoðarþegi hefur á að afla sér ytri fjármögnunar
- **Samhæfingarbrestir:** fjöldi samstarfsfyrirtækja; umfang samstarfsins; ólíkir hagsmunir samstarfsaðila; tormerki á gerð samninga; vandamál þriðju aðila í tengslum við samhæfingu samstarfs

Þegar um ræðir ríkisaðstoð, sem veitt er vegna verkefna eða starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar á aðstoðarsvæðum, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til eftirtalinna atriða: i) óhagræðis sem stafar af fjarlægð frá mörkuðum og öðrum sérstökum staðháttum, ii) sértækra hagskýrsluupplýsinga fyrir svæðið, félagslegra og/eða sögulegra ástæðna fyrir lítilli starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í samanburði við viðeigandi meðaltöl og/eða stöðu mála í landinu í heild og/eða á Evrópska efnahagssvæðinu, eftir því sem við á, og iii) hvers kyns annarra hagvísu sem skipta máli og benda til vaxandi markaðsbrests.

### 7.3.2 Viðeigandi stjórnæki?

Unnt er að heimila ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar slík aðstoð er nauðsynleg til þess að vinna að markmiði á sviði almannahagsmuna, og þá sem undantekningu frá almennu banni við ríkisaðstoð. Það er mikilvægur þáttur í jafnvægisáttunni hvort og að hversu miklu leyti ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur talist viðeigandi stjórnæki til að ýta undir starfsemi á þessu sviði, að teknu tilliti til þess að hugsanlegt er að ná sama árangri með öðrum stjórnækjum sem hafa ekki jafnmikil samkeppnisraskandi áhrif.

Í mati sínu á því hvort ráðstöfun samrýmist gildandi reglum mun Eftirlitsstofnun EFTA einkum líta til mats sem EFTA-ríkið kann að hafa látið gera á áhrifum hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar. Ráðstafanir teljast viðeigandi stjórnæki ef EFTA-ríkið hefur hugað að öðrum hugsanlegum stjórnækjum og gert Eftirlitsstofnun EFTA rökstudda grein fyrir kostum þess að nota sértækt stjórnæki á borð við ríkisaðstoð.

### 7.3.3 Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar

Mikilvægasti þáttur greiningar á ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar er hvort aðstoðarráðstöfunin hefur hvatningaráhrif. Greining á hvatningaráhrifum **jafngildir** mati á því hvort fyrirhuguð aðstoð muni hvetja fyrirtækin til að stunda rannsóknir, þróunarstarfs og nýsköpun sem þau hefðu ekki stundað að öðrum kosti.

Í 6. undirkafla er fjallað um ýmsa þætti sem EFTA-ríkin geta notað sem rökstuðning fyrir því að hvatningaráhrif séu fyrir hendi. Þegar ráðstöfun er tekin til ítarlegs mats mun Eftirlitsstofnun EFTA þó krefjast þess að hvatningaráhrif aðstoðarinnar séu rökstudd á nákvæmara hátt til þess að forðast megi óþarfa samkeppnisröskun.

Eftirtalin atriði verða höfð til hliðsjónar í mati Eftirlitsstofnunar EFTA, auk þáttanna sem getið er í 6. undirkafla:

- **Eðli breytingarinnar sem stefnt er að:** Gera ber skýra grein fyrir eðli hegðunarbreytingarinnar sem stefnt er að með ríkisaðstoð í hinu tilkynnta máli (nýju verkefni hleypt af stokkunum, stærð, umfang eða hraði verkefnis sem styrkt er).
- **Staðleysugreining:** Hegðunarbreytinguna verður að staðfesta með staðleysugreiningu: Hvert yrði umfang starfseminnar, sem stefnt er að, með aðstoð annars vegar og án aðstoðar hins vegar? Munurinn á þessu tvennu telst vera áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar og þannig lýsing á hvatningaráhrifunum.

- **Arðsemi:** Ef þannig stendur á að verkefni væri ekki arðbært, sem slíkt, fyrir einkafyrirtæki, en hefði hins vegar í för með sér verulegan ávinning fyrir samfélagið, eru meiri líkur á að aðstoðin hafi hvatningaráhrif. Til þess að meta heildararðsemi verkefnisins (eða arðsemisleysi) má notast við matsaðferðir sem föst venja er að nota í atvinnugreininni sem um ræðir <sup>(44)</sup>.
- **Fjárfestingarfjárhæðir og tímasetning sjóðstreymis:** Mikil fjárfesting í upphafi, lítið ráðstafanlegt sjóðstreymi og það að verulegur hluti sjóðstreymis verður til í afar fjarlægri framtíð eru allt þættir sem verða taldir verkefninu til tekna við mat á hvatningaráhrifum.
- **Áhættustig rannsóknaverkefnisins:** Við mat á áhættu verður einkum tekið mið af eftirtöldum þáttum, til að mynda með hliðsjón af hagkvæmnikönnunum, áhættumati og sérfræðiálitum: hvort fjárfestingin er óafturkræf, hversu líklegt er að halli verði á rekstri verkefnisins, hættan á að árangur af verkefninu verði minni en vænst er, hættan á að verkefnið grafi undan annarri starfsemi og hættan á að kostnaður við verkefnið grafi undan verkefninu fjárhagslega. Þegar um ræðir ríkisaðstoð, sem veitt er vegna verkefna eða starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar á aðstoðarsvæðum, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til óhagræðis sem stafar af fjarlægð frá mörkuðum og öðrum sérstökum staðháttum og eykur áhættuna sem tengist rannsóknaverkefninu.
- **Símat:** Ráðstafanir, sem gera ráð fyrir tilraunaverkefnum (í smáum stíl) eða byggjast á því að verkefnið er lagt niður ef tilteknir vel skilgreindir áfangar nást ekki og gera jafnframt ráð fyrir eftirfylgni fyrir opnum tjöldum, verða litnar jákvæðari augum við mat á hvatningaráhrifum.

#### 7.3.4 Er aðstoðin hæfileg að umfangi?

Óháð viðmiðunum, sem um getur í 5. undirkafla, ber hlutaðeigandi EFTA-riki að leggja fram eftirtaldar viðbótarupplýsingar:

- **Opin valaðferð:** Ef fleiri en einn koma (hugsanlega) til greina til að framkvæma verkefni á sviði rannsókna, þróunar eða nýsköpunar í EFTA-ríki eru meiri líkur á að skilyrðinu um að aðstoðin sé hæfileg að umfangi sé fullnægt ef verkefninu hefur verið úthlutað samkvæmt gagnsæjum og hlutlægum reglum og án mismununar.
- **Aðstoð takmörkuð við nauðsynlegt lágmark:** EFTA-ríkin verða að gera grein fyrir því hvernig fjárhæðin, sem gefin er upp, er fengin til þess að tryggja að hún takmarkist við nauðsynlegt lágmark.

#### 7.4 Greining á samkeppnisröskun og áhrifum á viðskipti

Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur haft áhrif á samkeppni á tveimur mismunandi stigum: i) samkeppni á nýsköpunarstigi, þ.e. samkeppni á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar sem á sér stað áður en markaðssetning afurða hefst, og ii) samkeppni á vörumörkuðum þar sem árangur af rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarfi er hagnýttur.

Í tengslum við mat á neikvæðum áhrifum aðstoðarráðstöfunar mun greining Eftirlitsstofnunar EFTA á samkeppnisröskun einkum snúast um fyrirsjáanleg áhrif aðstoðar til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar á samkeppni milli fyrirtækja á viðkomandi vörumörkuðum. Meira verður hugað að hættunni á óæskilegum áhrifum á samkeppni og viðskipti sem vitað er af í fyrirsjáanlegri framtíð og með umtalsverðri vissu.

Áhrifin á samkeppni á nýsköpunarstigi skipta máli í þessu samhengi að því leyti sem þau geta með fyrirsjáanlegum hætti stýrt niðurstöðu samkeppni milli fyrirtækja á vörumörkuðum í framtíðinni. Í vissum tilvikum eru sjálfar niðurstöður rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, í formi hugverkaréttinda til að mynda, seldar á svonefndum tæknimörkuðum, til dæmis með einkaleyfissamningum. Í þeim tilvikum kann Eftirlitsstofnun EFTA einnig að huga að áhrif aðstoðarinnar á samkeppni á tæknimörkuðum.

<sup>(44)</sup> Hér getur verið um að ræða aðferðir til að meta hreint núvirði verkefnisins (þ.e. samtölu núvirts sjóðstreymis sem vænst er af fjárfestingunni að frádrögnum fjárfestingarkostnaði), afkastavexti eða arðsemi fjármagns. Til stuðnings slíku mati mætti nota fjárhagsskýrslur og innri viðskiptaáætlanir með upplýsingum um áætlaða eftirspurn, útgjaldspár, fjárhagsspár (t.d. hreint núvirði, afkastavexti eða arðsemi fjármagns), skjöl sem afhent eru fjárfestingarnefnd og fjalla um ýmsa fjárfestingarkosti eða skjöl sem birt eru fjármálamörkuðum.

Áhrif rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar á vörumörkuðum eru að miklu leyti og greiningin fer því fram með tilliti til framtíðarþróunar. Ein og sama nýsköpunarstarfsemi tengist iðulega mörgum framtíðarmörkuðum fyrir vörur. Þegar þannig háttar til verða skoðuð áhrif ríkisaðstoðarinnar á viðkomandi markaði í heild.

Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur raskað samkeppni á vörumörkuðum á þrjá mismunandi vegu:

- 1) Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur raskað þeim breytilegu hvötum sem markaðsaðilar hafa til fjárfestinga (ruðningsáhrif).
- 2) Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur orðið til þess að koma upp eða viðhalda markaðsráðandi stöðu.
- 3) Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur viðhaldið óhagkvæmri markaðsgerð.

Ríkisaðstoð getur einnig haft neikvæð áhrif á viðskipti á markaðnum sem EES-samningurinn tekur til. Einkum er þess að geta að þegar aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar leiðir til þess að keppinautum er rutt af markaðnum geta helstu afleiðingar slíkra ráðstafana orðið breytingar á vöruflæði og staðsetningu atvinnustarfsemi.

#### 7.4.1 Röskun á breytilegum hvötum

Helsta áhyggjuefni í tengslum við aðstoð, sem fyrirtæki fá til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, er að hún raski þeim breytilegu hvötum til fjárfestinga sem keppinautar fyrirtækjanna búa við. Þegar fyrirtæki fær aðstoð eykur það yfirleitt líkurnar á góðum árangri á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar í fyrirtækinu og stuðlar þannig að sterkari stöðu þess á vörumörkuðum þegar fram í sækir. Sterkari staða af því tagi getur valdið því að keppinautar dragi úr fyrirhuguðum fjárfestingum (ruðningsáhrif).

Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:

- **Aðstoðarfjárhæð:** Aðstoðarráðstafanir, sem byggjast á verulega háum styrkjum, auka líkurnar á umtalsverðum ruðningsáhrifum. Til þess að áætla hvort aðstoðargreiðslan er verulega há verður tekið mið af heildarútgjöldum einkafyrirtækja til rannsókna og þróunarstarfs í viðkomandi grein svo og útgjöldum þeirra sem eru stórtækastir á þessu sviði.
- **Nálægð við markað/tegund aðstoðar:** Því sterkari sem tenging aðstoðarráðstöfunarinnar er við rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarf nálægt markaði þeim mun líklegra er að ruðningsáhrif verði umtalsverð.
- **Opin valaðferð:** Afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA til styrkveitingar verður jákvæðari ef hún fer fram samkvæmt viðmiðum sem eru hlutlæg og án mismununar.
- **Hindranir gegn því að hætta þátttöku:** Ef verulegar hindranir eru í vegi fyrir því að hætta þátttöku í nýsköpunarferlinu eykur það líkurnar á að keppinautar haldi fast við fyrirhugaðar fjárfestingar sínar (eða auki þær jafnvel). Þannig getur staðið á þegar margar af eldri fjárfestingum keppinautanna eru fastar í tilteknum ferli rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarstarfs.
- **Hvatar til að keppa um væntanlegan markað** Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur leitt til þeirrar stöðu að keppinautar aðstoðarþegans falli frá því að keppa um væntanlegan markað vegna þess að ávinningur af aðstoðinni (þegar litið er til tæknilegs eða tímalegs forskots) rýrir möguleika þeirra á að hagnast af því að hefja starfsemi á hinum væntanlega markaði.
- **Aðgreinanlegar vörur og samkeppnisstig:** Ef nýsköpun á sviði vöruframleiðslu snýst fremur um að þróa aðgreinanlegar vörur (til að mynda vörur sem unnt er að tengja ákveðnum vörumerkjum, stöðlum, tækni eða neytendahópum) dregur það úr líkunum á áhrifum á keppinauta. Hið sama á við ef margir virkir keppinautar eru á markaðnum.

#### 7.4.2 Uppbygging markaðsítaka

Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar getur haft röskunaráhrif á þann hátt að hún eflir eða viðhaldi markaðsítökum á vörumörkuðum. Markaðsítök eru styrkur til að stýra verði á

markaði, framleiðslu, úrvali eða gæðum vöru og þjónustu eða öðrum samkeppnisþáttum á markaði um alllangt skeið þannig að neytendur líði fyrir. Eftirlitsstofnun EFTA metur markaðsítök áður en aðstoð er veitt svo og þær breytingar á markaðsítökum sem vænta má að aðstoðin leiði til.

Eftirlitsstofnun EFTA telur fyrst og fremst ástæðu til að huga að þeim ráðstöfunum á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar sem gera aðstoðarþega kleift að yfirfæra eða efla markaðsítök, sem hann hefur á eldri vörumörkuðum, á nýja vörumarkaði. Af þeim sökum er ólíklegt að stofnunin muni gera athugasemdir um samkeppnismál er varða markaðsítök á mörkuðum þar sem markaðshlutdeild hvers aðstoðarþega er minni en 25 % og á mörkuðum þar sem gildi samþjöppunar á markaði samkvæmt Herfindahl-Hirschman-stuðli (HHS) er lægra en 2000.

Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:

- **Markaðsítök aðstoðarþega og markaðsgerð:** Ef viðtakandi aðstoðarinnar er þegar ráðandi á vörumarkaði getur aðstoðin styrkt þá ráðandi stöðu með því að veikja enn frekar það samkeppnisaðhald sem keppinautar aðstoðarþegans geta veitt. Með svipuðum hætti getur ríkisaðstoð haft veruleg áhrif á fákeppnismörkuðum þar sem fá fyrirtæki eru virk.
- **Aðgangshindranir:** Á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar geta nýir markaðsþátttakendur mætt verulegum aðgangshindrunum. Meðal slíkra hindrana eru lagalegar aðgangshindranir (einkum þær sem varða hugverkaréttindi), stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif, hindranir við aðgangi að netum og grunnvirkjum og aðrar tæknilegar aðgangs- og stækkunarhindranir.
- **Kaupendastyrkur:** Markaðsstaða kaupenda getur einnig vegið á móti markaðsítökum fyrirtækis. Ef öflugir kaupendur eru fyrir hendi getur það vegið upp þá niðurstöðu að um sterka markaðsstöðu sé að ræða ef líkur standa til að kaupendurnir muni leitast við að viðhalda nægilegri samkeppni á markaðnum.
- **Valaðferð:** Ef aðstoðarráðstafanir gera fyrirtækjum með sterka markaðsstöðu kleift að hafa áhrif á valaðferðina, til að mynda á þann hátt að þau eigi rétt á að mæla með tilteknum fyrirtækjum eða geti haft áhrif á rannsóknarleiðina á þann hátt að það bitni á öðrum hugsanlegum leiðum án réttmætra ástæðna, er sennilegt að Eftirlitsstofnun EFTA geri athugasemdir við það.

#### 7.4.3 Óhagkvæmri markaðsgerð viðhaldið

Ef aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar er ekki beitt á markvissan hátt getur hún styrkt óhagkvæm fyrirtæki og leitt þannig til markaðsgerðar sem einkennist af því að margir markaðsaðilar stunda rekstur sem er langt frá því að vera hagkvæmur. Eftirlitsstofnun EFTA mun í greiningu sinni taka til athugunar hvort aðstoðin sé veitt á mörkuðum sem búa við umframframleiðslu, í greinum sem einkennast af samdrætti eða í greinum sem standa ekki styrkum fótum. Minni líkur eru á að athugunarefni komi upp ef ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar er veitt í þeim tilgangi að breyta vaxtarskilyrðum í viðkomandi grein, einkum með því innleiða nýja tækni.

#### 7.5 Jafnvægismat og ákvörðun

Með hliðsjón af þessum jákvæðu og neikvæðu þáttum mun Eftirlitsstofnun EFTA vega og meta áhrif ráðstöfunarinnar og ákvarða hvort röskun af hennar völdum bitnar á viðskiptaskilyrðum þannig að stríði gegn almannahag. Greiningin verður í hverju tilviki byggð á heildarmati á fyrirjáanlegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum ríkisaðstoðarinnar. Eftirlitsstofnun EFTA mun í þessu skyni ekki beita viðmiðunum í undirkafla 7.3 og 7.4 á vélrænan hátt heldur vinna heildarmat sem byggist á meðalhófsreglunni.

Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við hinni tilkynntu aðstoðarráðstöfun, án þess að hefja formlega rannsókn, eða fara þá leið, í samræmi við ákvæði um formlega rannsókn í 6. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að hætta málsmeðferð með ákvörðun á grundvelli 7. gr. bókunarinnar. Ef stofnunin tekur skilyrta ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn, í samræmi við 4. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3, getur hún ákveðið



einkum að binda ákvörðunina eftirtöldum skilyrðum sem verða að draga úr röskun eða áhrifum á viðskipti og vera hófleg:

- Lægra aðstoðarhlutfall en hæsta leyfilega hlutfall samkvæmt 5. undirkafla ásamt ákvæðum til að tryggja endurheimtu og nýjum skilyrðum fyrir endurgreiðslu lána
- Dreifing niðurstaðna, samstarf og aðrar skuldbindingar um athafnir
- Fjárhagslegur aðskilnaður í því skyni að forðast að styrkir nýtist á öðrum markaði en þeim sem þeir voru veittir til, í þeim tilvikum að aðstoðarþegi er starfandi á fleiri en einum markaði
- Engin mismunun gagnvart öðrum hugsanlegum aðstoðarþegum (minna sértækar ráðstafanir)

## 8. Uppsöfnun

Að því er uppsöfnun varðar skulu aðstoðarhámarks samkvæmt þessum kafla gilda óháð því hvort stuðningur við aðstoðarverkefnið er fjármagnaður að fullu af ríkisfé eða að hluta með tilstyrk Evrópubandalagsins, nema í því sérstaka og afmarkaða tilviki sem lýtur að skilyrðum fyrir fjármögnun Evrópubandalagsins samkvæmt rammaáætlunum um rannsóknir og tækniþróun sem hafa verið samþykktar í samræmi við ákvæði XVIII. bóls EB-sáttmálans eða II. bóls sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

Ef útgjöld, sem eru styrkhæf samkvæmt reglum um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, eru einnig styrkhæf að fullu eða að hluta til samkvæmt reglum um aðstoð í öðrum tilgangi skal gilda um þann hluta, sem sameiginlegur er, það hámark sem hagstæðara er samkvæmt gildandi reglum. Þessi takmörkun tekur ekki til aðstoðar sem er veitt í samræmi við ákvæði kafla 10B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, Ríkisaðstoð sem veitt er til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum <sup>(45)</sup>.

Óheimilt er að veita aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar jafnframt aðstoð á grundvelli minniháttarreglunnar vegna sömu styrkhæfu útgjalda í þeim tilgangi að sniðganga leyfileg aðstoðarhlutföll sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

## 9. Lokaákvæði

### 9.1 Skýrslugjöf og vöktun

#### 9.1.1 Árleg skýrsla

Í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. II. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 5. gr. ákvörðunar 195/04 frá 14. júlí 2004 <sup>(46)</sup>, ber EFTA-ríkjunum að senda Eftirlitsstofnun EFTA árlega skýrslu.

Auk þess, sem krafist er í ofangreindum ákvæðum, skal árleg skýrsla um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar hafa að geyma eftirtalda upplýsingar um hverja ráðstöfun um sig, að meðtöldum tilvikum þar sem aðstoð er veitt samkvæmt samþykktri áætlun:

- Heiti aðstoðarþega
- Fjárhæð aðstoðar sem greidd er hverjum aðstoðarþega
- Aðstoðarhlutfall
- Atvinnugreinar sem styrktu verkefni tilheyrja

Ef aðstoðin er veitt sem skattundanþaga þarf EFTA-ríkið aðeins að leggja fram skrá um þá aðstoðarþega sem hafa notið árlegs skattafsláttar umfram 200 000 EUR.

<sup>(45)</sup> Ákvæði kafla 10B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð samsvara leiðbeiningum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð sem veitt er til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB C 194, 18.8.2006, bls. 2).

<sup>(46)</sup> Samsvarandi reglugerð (EB) nr. 659/1999 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1). Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1627/2006 (Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 10).

Þegar fyrirtækjaklasar eiga í hlut verður skýrslan einnig að hafa að geyma stutta lýsingu á starfsemi klasans og hversu vel honum hefur gengið að örva rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarf. Eftirlitsstofnun EFTA getur óskað eftir ítarlegri upplýsingum um veitta aðstoð í því skyni að staðfesta að skilyrðin í ákvörðun stofnunarinnar um að samþykkja aðstoðarráðstöfunina hafi verið virt.

Árlegar skýrslur verða birtar á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA.

Að því er varðar alla aðstoð, sem er veitt stórfyrirtækjum samkvæmt samþykktri áætlun, verða EFTA-ríkin einnig að skýra í árlegu skýrslunni hvað gert hefur verið til að viðhalda hvatningaráhrifum í tengslum við aðstoð við slík fyrirtæki, einkum með vísan til þeirra þátta og viðmiða sem fjallað er um í 6. undirkafla.

### 9.1.2 *Aðgangur að heildartexta ákvæða um aðstoðaráætlanir*

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir til að gera ákvæði um ríkisaðstoð gagnsærri. Einkum virðist nauðsynlegt að sjá til þess að EFTA-ríkin, atvinnurekendur, hagsmunaaðilar og ekki síst stofnunin sjálf hafi greiðan aðgang að heildartexta ákvæða um allar gildandi aðstoðaráætlanir á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.

Þessu markmiði er auðvelt að ná með samtengingu vefsetra. Við rannsókn á aðstoðaráætlunum á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar mun Eftirlitsstofnun EFTA því fylgja þeirri reglu að krefjast þess af viðkomandi EFTA-ríki að endanlegur heildartexti allra ákvæða um aðstoðaráætlanir verði birtur á lýðnetinu og að stofnunin fái veffangið sent. Óheimilt er að hrinda áætlun í framkvæmd nema upplýsingarnar hafi verið birtar á netinu.

### 9.1.3 *Upplýsingablöð*

Auk þess sem að ofan greinir er gerð sú krafa þegar aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar er veitt samkvæmt aðstoðaráætlunum, án þess að skylt sé að tilkynna hvert tilvik sérstaklega, að EFTA-ríkjunum ber að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, innan 20 virkra daga frá því að lögbært yfirvald veitir aðstoðina, upplýsingarnar sem tilgreindar eru á staðaleyðublaðinu sem birt er í viðauka með þessum kafla. Eftirlitsstofnunin mun birta þessar yfirlitsupplýsingar á vefsetri sínu (<http://www.efasurv.int/fieldsOfWork/fieldstateaid>).

EFTA-ríkjunum ber að sjá til þess að tekin séu saman ítarleg gögn um alla aðstoð sem er veitt til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Gögnin verða að taka til allra upplýsinga sem nauðsynleg eru til að unnt sé að staðfesta að ákvæði um styrkhæfan kostnað og leyfilegt aðstoðarhlutfall hafi verið virt og skulu þau varðveitt í 10 ár eftir að aðstoðin var veitt.

Eftirlitsstofnun EFTA mun leita eftir þessum upplýsingum frá EFTA-ríkjunum með það fyrir augum að meta áhrif af ákvæðum þessa kafla þremur árum eftir að hann öðlast gildi <sup>(47)</sup>.

## 9.2 *Viðeigandi ráðstafanir*

Eftirlitsstofnun EFTA beinir því hér með til EFTA-ríkjanna, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að þau geri eftirtaldir viðeigandi ráðstafanir í tengslum við gildandi aðstoðaráætlanir á sviði rannsókna og þróunarstarfs:

Til þess að fullnægja ákvæðum þessa kafla skulu EFTA-ríkin breyta aðstoðaráætlunum af þessu tagi, eftir því sem þörf er á til þess að þau samræmist ákvæðum þessa kafla, áður en tólf mánuðir eru liðnir frá því að þau öðlast gildi, með eftirtöldum undantekningum:

- EFTA-ríkin hafa 24 mánaða frest til að gera breytingar á ákvæðum sem falla undir undirkafla 3.1.1.

<sup>(47)</sup> Í tengslum við þá vinnu kunna EFTA-ríkin að vilja hlaupa undir bagga með Eftirlitsstofnun EFTA með því að leggja fram eigin eftirámat á áætlunum og einstökum ráðstöfunum.

- Nýtt hámark vegna stórra einstakra verkefna gildir frá gildistökudegi þessa kafla að telja.
- Skylda til að leggja fram ítarlegri árlegar skýrslur samkvæmt undirkafla 9.1.1 og skylda til að leggja fram upplýsingablöð samkvæmt undirkafla 9.1.3 gildir um eldri aðstoðaráætlanir eftir að sex mánuðir eru liðnir frá gildistökudegi þessa kafla.

Því er beint til EFTA-rikkanna að gefa til kynna skýrt og fyrirvaralaust samþykki sitt við þessari tillögu um viðeigandi ráðstafanir áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi þessa kafla. Berist ekki svar mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi ekki samþykkt tillöguna.

### 9.3 *Gildistaka, gildistími og endurskoðun*

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi daginn sem þau eru samþykkt (<sup>48</sup>).

Ákvæði þessa kafla gilda til 31. desember 2013. Eftirlitsstofnun EFTA áskilur sér rétt til að breyta þeim fyrir þann tíma, að höfðu samráði við EFTA-ríkin, með hliðsjón af mikilvægum stefnumiðum er varða samkeppni eða rannsóknir eða í því skyni að taka tillit til annarra stefnumiða sem varða Evrópska efnahagssvæðið eða alþjóðlegra skuldbindinga. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst endurskoða ákvæði kaflans þremur árum eftir að þau öðlast gildi.

Eftirlitsstofnunin mun beita ákvæðum þessa kafla í tengslum við alla áformaða aðstoð sem tilkynnt hefur verið og henni ber að taka ákvörðun um eftir að kaflinn hefur öðlast samþykki, jafnvel þótt tilkynningarnar hafi borist fyrir þann tíma. Þetta á einnig við um staka aðstoð sem er veitt samkvæmt samþykktum aðstoðaráætlunum og tilkynnt stofnuninni í samræmi við skyldu til að tilkynna slíka aðstoð hverju sinni.

Í samræmi við auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um hvaða reglum skuli fylgt við mat á ólögumríki ríkisaðstoð (<sup>49</sup>) mun Eftirlitsstofnun EFTA beita eftirtöldum ákvæðum í tengslum við aðstoð sem henni berst ekki tilkynning um:

- Ákvæðum þessa kafla hafi aðstoðin verið veitt eftir að þau öðluðust gildi.
- Ákvæðum þess kafla sem var í gildi þegar aðstoðin var veitt, í öllum öðrum tilvikum.

<sup>(48)</sup> Ákvæðin voru samþykkt með ákvörðun stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 14/07/COL hinn 7. febrúar 2007.

<sup>(49)</sup> Stj. tíð. EB C 119, 22.5.2002, bls. 22.

*VIÐAUKI***Eyðublað sem nota ber til að senda inn yfirlitsupplýsingar um aðstoð í samræmi við kröfu um ítarlegri skýrslugjöf (sbr. undirkafli 9.1)**

- 1) Aðstoðarþegi (heiti fyrirtækisins/fyrirtækjanna sem aðstoðin er veitt, hvort um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki)
- 2) Auðkenni aðstoðarkerfis (auðkenni eftirlitsstofnunarinnar fyrir þá áætlun eða þær áætlanir sem liggja til grundvallar aðstoðinni):
- 3) Opinber(ar) stofnun/stofnanir sem veitir(-a) aðstoðina (heiti og heimilisfang stofnunarinnar eða stofnananna sem veita aðstoðina):
- 4) EFTA-ríkið sem er vettvangur verkefnisins eða ráðstöfunarinnar sem nýtur styrkja:
- 5) Tegund verkefnis eða ráðstöfunar:
- 6) Stutt lýsing á verkefninu eða ráðstöfuninni:
- 7) Styrkhæfur kostnaður, eftir því sem við á (í EUR):
- 8) Núvirt aðstoðarfjárhæð (verg) í EUR:
- 9) Aðstoðarhlutfall (í hundraðshlutfum, reiknað sem vergt styrkígildi):
- 10) Skilyrði sem sett eru fyrir því að fyrirhuguð aðstoð verði greidd (ef einhver eru):
- 11) Fyrirhugaðar dagsetningar upphafs og loka verkefnis eða ráðstöfunar:
- 12) Dagur sem aðstoð er veitt:

**Sextugasta og önnur breyting á Leiðbeiningum um ríkisaðstoð**  
**Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum**

2009/EES/60/02

**Dagsetning ákvörðunar:** 7. febrúar 2007

**EFTA-ríki:** Ísland  
Noregur  
Liechtenstein

**Málsnúmer:** 59185

**Fyrirsögn:** Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um sextugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar – Nýr kafli, 14: Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Tillaga að viðeigandi ráðstöfunum.

**Lagaheimild:** Ákvörðun stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 14/07/COL

**Ákveðið er:** Samkvæmt tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA, sem EFTA-ríkin hafa samþykkt, eru viðeigandi ráðstafanir sem hér segir: Breyta skal aðstoðaráætlunum af þessu tagi, eftir því sem þörf er á, til samræmis við ákvæði 14. kafla áður en tólf mánuðir eru liðnir frá því að þau öðlast gildi, með eftirtöldum undantekningum: i) EFTA-ríkin hafa 24 mánaða frest til að breyta ákvæðum sem falla undir undirkafla 3.1.1 í 14. kafla; ii) Nýtt hámark vegna stórra einstakra verkefna gildir frá gildistökudegi 14. kafla að telja; iii) Skylda til að leggja fram ítarlegri árlegar skýrslur samkvæmt undirkafla 9.1.1 og skylda til að leggja fram upplýsingablöð samkvæmt undirkafla 9.1.3 gildir um eldri aðstoðaráætlanir eftir að sex mánuðir eru liðnir frá gildistökudegi 14. kafla.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2009/EES/60/03**

**(Mál COMP/M.5629 – Normeston/MOL/MET JV)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belíska fyrirtækið Normeston Trading Limited („Normeston“) og ungerska fyrirtækið MOL Hungarian Oil and Gas Public Limited Company („MOL“) öðlast með kaupum og sölu á hlutafé í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ungerska fyrirtækinu MOL Energy Trade Ltd. („MET“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Normeston: félag sem er ekki skráð í kauphöll og sinnir viðskiptum með óhreinsaða jarðolíu og gasolíu (0,2)
  - MOL: orkufyrirtæki með starfsemi á öllum sviðum orkuframleiðslu og dreifingar
  - MET: dótturfélag MOL sem er sem stendur að fullu í eigu þess fyrirtækis og starfar á sviði sölu jarðgass og viðskipta með það, einkum í Ungverjalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 275, 14. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5629 – Normeston/MOL/MET JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5660 – RBS/Deutsche Bank/Spin HoldCo)**

2009/EES/60/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Royal Bank of Scotland Plc og þýska fyrirtækið Deutsche Bank öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Spin HoldCo með skiptum á skuldum fyrir hlutafé.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Royal Bank of Scotland: eignarhaldsfélag einnar af stærstu samsteypum heims á sviði banka- og fjármálaþjónustu
  - Deutsche Bank: fjárfestingabankastarfsemi á heimsmarkaði og bankaþjónusta við einstaklinga
  - Spin HoldCo: móðurfélag Coinmach Service Corporation, umfangsmesta verktaka á sviði þvottavélaþjónustu fyrir fjölbýlishús í Bandaríkjunum og Mexíkó
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 278, 18. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5660 – RBS/Deutsche Bank/Spin HoldCo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2009/EES/60/05****(Mál COMP/M.5686 – Vitol Holding/Petroplus Refining Antwerp/Petroplus Refining Antwerp Bitumen)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið Eurotank Belgium BV, sem lýtur yfirráðum hins hollenska Vitol Holding BV („Vitol“) gegnum önnur félög, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgísku fyrirtækjunum Petroplus Refining Antwerp NV („Petroplus“) og Petroplus Refining Antwerp Bitumen NV („Petroplus Bitumen“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Petroplus/Petroplus Bitumen: framleiðsla á biki, hreinsun brennisteinssambanda úr gasolíu og rekstur birgðastöðvar
  - Vitol: olíu- og gasviðskipti, leitar- og vinnslustarfsemi í olíu- og gasgeiranum o.fl.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 276, 17. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5686 – Vitol Holding/Petroplus Refining Antwerp/Petroplus Refining Antwerp Bitumen, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5693 – Hal Holding/Safilo Group)**

**2009/EES/60/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Hal Holding N.V. („Hal), sem er skráð á Hollensku Antillum, öðlast með hlutafjár- og verðbréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Safilo Group S.p.A. („Safilo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Hal: fjárfestingar, einkum á sviði smásöluverslunar með sjóntæki
  - Safilo: framleiðsla og dreifing á gleraugum, sólgleraugum og tiskugleraugum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 275, 14. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5693 – Hal Holding/Safilo Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5704 – JBS/Bertin)**

2009/EES/60/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem brasilísku fyrirtækin J&F Participações S.A. („J&F“) og ZMF Fundo de Investimento em Participações („ZMF“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu/að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hluta brasilísku fyrirtækjanna JBS S.A. („JBS“) og Bertin S.A. („Bertin“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - J&F: fjölskyldurekið eignarhaldsfélag
  - ZMF: fjárfestingasjóður
  - JBS: framleiðsla á nýju kjöti og unnum kjötvörum
  - Bertin: framleiðsla á nýju kjöti og unnum kjötvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 279, 19. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5704 – JBS/Bertin, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5708 – KKR/General Atlantic/TASC)**

2009/EES/60/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin KKR & Co. L.P. (ásamt dótturfélögum, „KKR“) og General Atlantic LLC („GA“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu TASC Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - KKR: eignastýring á heimsmarkaði á sviði óhefðbundinna fjárfestinga, sala hvers kyns þjónustu í tengslum við slíka eignastýringu til markaðsfjárfesta í opinberri eigu og einkaeigu og fjármagnsmarkaðslausnir fyrir félagið sjálf, fyrirtæki í eignasafni þess og viðskiptamenn
  - GA: móðurfélag forystufyrirtækis á sviði vaxtarfjármögnunar sem styður við vaxtarfyrirtæki víða um heim með fjármögnun og stefnumótun („GA Group“)
  - TASC: selur greiningar- og ráðgjafarþjónustu til ýmissa opinberra stofnana sem sinna varnar- og þjóðaröryggismálum í Bandaríkjunum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 279, 19. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5708 – KKR/General Atlantic/TASC, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2009/EES/60/09****(Mál COMP/M.5713 – Altor/Pharmacy Company Sweden 1 AB and Pharmacy Company Sweden 8 AB)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Altor Fund III GP Limited (móðurfélag Altor Fund III (No 1) Limited Partnership og Altor Fund III (No 2) Limited Partnership og fjárfestingastjóri Altor Fund III (No 3) Limited), sem er skráð á Ermarsundseyjum, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænsku fyrirtækjunum Pharmacy Company Sweden 1 AB og Pharmacy Company Sweden 8 AB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Altor Fund III: fjárfestingasjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum; félagið rekur þrjá slíka sjóði og sinnir umsýslu með eignasafni þeirra; sjóðirnir þrír (Altor 2003 Fund, Altor Fund II og Altor Fund III) fjárfesta einkum í meðalstórum fyrirtækjum í ýmsum atvinnugreinum á Norðurlöndunum
  - Pharmacy Company Sweden 1 AB og Pharmacy Company Sweden 8 AB: dótturfélög sænska ríkishlutafélagsins Apoteket AB sem hefur haft einkarétt á lyfjasölu í Svíþjóð
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 280, 20. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5713 – Altor/Pharmacy Company Sweden 1 AB and Pharmacy Company Sweden 8 AB, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/10**  
**(Mál COMP/M.5365 – IPO/EnBW/Praha/PT)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 6. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5365. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/11**  
**(Mál COMP/M.5519 – E.ON/Electrabel Acquired Assets)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 13. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5519. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/12**  
**(Mál COMP/M.5555 – Novartis/Ebewe)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. september 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5555. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/13**  
**(Mál COMP/M.5573 – Remeha Group/Baxi Holdings)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5573. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/14**  
**(Mál COMP/M.5589 – Sony/Seiko Epson)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. september 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5589. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/15**  
**(Mál COMP/M.5605 – Crédit Mutuel/Monabanq)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. september 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5605. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/16**  
**(Mál COMP/M.5622 – Infineon/LSIS/LS Power Semitech JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5622. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/17**  
**(Mál COMP/M.5632 – PepsiCo/Pepsi Americas)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5632. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/18**  
**(Mál COMP/M.5633 – PepsiCo/The PepsiCo Bottling Group)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5633. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/60/19**  
**(Mál COMP/M.5649 – RREEF Fund/Endesa/UFG/SAGGAS)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. október 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5649. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2009/EES/60/20  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Limoges (Bellegarde)–Paris (Orly)
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	7.11.2009
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Arrêté du 13 octobre 2009 relatif à la modification des obligations de service public imposées sur les services aériens réguliers entre Limoges et Paris (Orly)</p> <p>NOR: DEVA0915912A <a href="http://www.legifrance.gouv.fr/initRechText">http://www.legifrance.gouv.fr/initRechText</a></p> <p>Direction Générale de l'Aviation Civile DTA/SDT/T2 50 rue Henry Farman 75720 Paris Cedex 15 FRANCE Sími: +33 158094321 Netfang: <a href="mailto:osp-compagnies.dta@aviation-civile.gouv.fr">osp-compagnies.dta@aviation-civile.gouv.fr</a></p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2009/EES/60/21  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir**

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Limoges (Bellegarde)–Paris (Orly)
Samningstími	4 ár, hefst 6. apríl 2010 eða síðar
Frestur til að skila tilboðum	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Í fyrsta umsóknaráfanga: 21.12.2009 (kl. 12.00 að staðartíma)</li> <li>– Í öðrum umsóknaráfanga: 25.1.2010 (kl. 12.00 að staðartíma)</li> </ul>
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Syndicat Mixte de l'Aéroport de Limoges-Bellegarde 81 avenue de l'Aéroport 87100 Limoges FRANCE</p> <p>M. Gilles TELLIER Directeur de l'aéroport international de Limoges-Bellegarde Sími +33 555433026 Netfang: <a href="mailto:gilles.tellier@limoges.cci.fr">gilles.tellier@limoges.cci.fr</a></p>